



Félög löggiltra endurskoðenda

Útg. Félag löggiltra endurskoðenda
Ábm: Ómar H. Björnsson
formaður Ritnefndar FLE
Júní 2005
28. árgangur 1. tölublað

FLE fréttir

EFNI BLAÐSINS

Höfum við gengið til góðs?	1
Af stjórnarborði.....	4
Til hamingju með afmælið	5
Meistaránám í reikningshaldi og endurskoðun (M.Acc.) – HÍ	6
Um meistaránám í endurskoðun við HR.....	8
Opnunartími skrifstofu FLE	9
Skattadagur FLE	9
Innra eftirlit – hvað er það?	10
Til sölu á skrifstofu FLE	11
Könnun á skattlagningu	12
Tilkynning til félagsmanna FLE.....	12
Endurskoðunardagar FLE.....	13
Sumarlökun FLE	13
Alþjóðlegir endurskoðunarstaðlar	14
Endurskoðendur – sérfróðir aðilar	16
Nýjar eiginfjárreglur banka – Basel II ...	18
Fráteknar dagsetningar	19
Golfdagskrá FLE sumarið 2005	20

Höfum við gengið til góðs?

Félag löggiltra endurskoðenda 70 ára – 16. júlí 2005

Í júlímánuði 1935, þegar löggiltir endurskoðendur voru orðnir átta, var tekið til athugunar hvort ekki væri rétt að stofna til félagskapar til gæslu og þróunar sameiginlegra hagsmuna og áhugamála. Var félagsstofnunin samþykkt einhuga.¹ Félag löggiltra endurskoðenda (FLE) hefur nú starfað í full 70 ár. Tilgangi félagsins er svo lýst í fyrstu félagslögum: ...að sameina löggilta endurskoðendur til samstarfs um hagsmuna og menningarmál stéttarinnar. Í dag eru tilgangur FLE og markmið eftirfarandi:



Þorsteinn Haraldsson
endurskoðandi hjá
Ernst & Young hf.

Að: Viðhalda og auka faglega þekkingu.

- Vinna að samræmingu á vinnubrögðum (...)m. a. með útgáfu leiðbeinandi reglna.
- Vinna að bættri þjónustu félagsmanna við viðskiptavini sína og aðra, er byggja á störfum þeirra.
- Vinna að kynningu á starfssviði félagsmanna.
- Vera í forsvari stéttarinnar á opinberum vettvangi.
- Gæta hagsmuna félagsmanna sem tengjast störfum þeirra sem endurskoðenda.
- Vera vettvangur fyrir gagnkvæm kynni félagsmanna.
- Vinna að því að almennt aðhald sé með starfsemi og framkvæmd starfa endurskoðenda.
- Koma fram fyrir hönd endurskoðenda gagnvart stjórnvöldum um þau málefni sem stétt þeirra varða.

Á tímamótum er litið yfir farinn veg. Skrifarinn tyllir sér á stein, líkt og ferðamaður og spyr: Höfum við gengið til góðs? Hvernig hefur FLE fylgt leiðarlýsingu sinni sem felst í markmiðum þess? Með markmiðin í huga verður hér greint frá nokkrum sporum FLE. Ég leyfi mér í upphafi að fullyrða að endurskoðendur eru ljúfmenni og

að FLE er ekki gallalaust, en hvort tveggja eru nauðsynleg skilyrði elsकुलेगस og mannbætandi félags.

Fyrstu lögin um löggilta endurskoðendur hér á landi tóku gildi 1926 og skv. þeim skyldu þeir er öðlast vildu löggildingu sem endurskoðendur sanna kunnáttu sína fyrir stjórnskipaðri nefnd. Nefndin sem tók til starfa á árinu 1929, og nefndist frá upphafi prófnefnd, starfar enn.

Stefán Svavarsson sagði í ræðu 1985 þegar félagið fagnaði 50 ára afmæli, að skipta mætti þróun menntunarmála endurskoðenda í þrjú tímabil og hann lýsti þróuninni ítarlegar en hér er unnt.²

Á fyrsta tímabilinu, fram til ársins 1947, var engin formleg menntun til undirbúnings prófi. Þeir sem þreyta vildu próf urðu sjálfir að ákveða hvernig undirbúningi skyldi háttað. Á þessum árum þurftu prófmenn að ljúka bæði verklegu og bóklegu prófi. Fyrst verklegu prófi og svo bóklegu ef viðkomandi stóðst verklega prófið. Verklegu prófin voru eitt eða tvö verkefni sem prófmenn höfðu leyst og sent til prófnefndar, en að auki 2 – 3 verkefni sem nefndin lagði fram og loks munnleg yfirheyrsla. Bóklegu prófin voru í almennt viðskiptafræði, verslunarrétti og



Horft yfir veislusalinn á 60 ára afmæli FLE

verslunarreikningi. Ekki var prófað sérstaklega í endurskoðun!, nema hana hafi borið á góma í munnlegum prófum.

FLE hafði gengið í Endurskoðunarsamtök Norðurlandanna árið 1939³ og félagið var vakandi fyrir framförum í menntun endurskoðenda. Það var fyrir forgöngu félagsmanna og góðan skilning forsjálla háskólamanna að þessu fyrsta tímabili í menntun endurskoðenda lauk á árinu 1947.

Á öðru tímabilinu, frá 1947 til 1976, voru haldin námskeið í Háskóla Íslands til undirbúnings prófi í endurskoðun. Fyrsta námskeiðið gaf góða raun og varð til þess að 1953 voru sett ný lög um endurskoðendur. Með lögunum komst meiri festa í menntunarmál endurskoðenda. Nú skyldi prófmaður þreyta 7 bókleg próf í jafn mörgum greinum⁴ og standast þau áður en hann gengi undir verkleg próf. Til undirbúnings bóklegu prófunum voru námskeiðin í Háskólanum, en til undirbúnings verklegu prófunum var námsvist á endurskoðunarskrifstofu og þurfti prófmaður að hafa starfað þar a.m.k. þrjú ár. Bóklegu námskeiðin kenndu kennarar úr viðskipadeildinni og lagadeildinni, auk endurskoðenda sem kenndu endurskoðun og skattskil. Annað tímabilið markaði áfangasigur í mennt-

un endurskoðenda og samstarfið við Háskólann leiddi til þess að allt bóklegt nám til undirbúnings löggildingar færðist inn í skólann. Þeim áfanga var náð á árinu 1976 þegar sett voru þriðja sinni lög um löggilta endurskoðendur.⁵ Þessi löggjöf markar upphaf þriðja tímabilsins í menntun endurskoðenda og þess menntunarkerfis sem stéttin hefur búið við til þessa dags.

Sjötugs afmæli FLE markar um leið upphaf fjórða tímabils menntunar stéttarinnar með samkeppni Háskóla Íslands og Háskólans í Reykjavík þar sem nú er að hefjast mastersnám í endurskoðun. FLE hefur ætíð verið drifkrafturinn í þróun menntamála endurskoðenda. Á það bæði við um grunnmenntunina, en ekki síður viðhaldsmenntun starfandi endurskoðenda sem nú er lögboðin.

Viðhaldsmenntun endurskoðenda hefur verið ríkur þáttur hjá FLE. Frá árinu 1964 hefur starf félagsins að viðhaldsmenntun verið óslitið. Fyrst með árlegum sumarráðstefnum, sem alla tíð mátti jafna til faglegra viðhaldsnámskeiða. Síðar með reglubundum, og að segja má, jarðföstum ráðstefnum að vori, hausti og vetri.⁶ Varðandi viðhaldsmenntun endurskoðenda má svo ekki gleyma að FLE hefur efnt til fræðslufunda fyrir félagsmenn sína fyrsta miðvikudag í

mánuði, alla vetur, vor og haust, frá árinu 1965 eða um 40 ára skeið! Nú er svo komið að enginn heldur réttindum sínum sem endurskoðandi nema leggja reglubundið stund á viðhaldsmenntun undir eftirliti fjármálaráðuneytisins.

Markmiði FLE um samræmd vinnubrögð og útgáfu leiðbeinandi reglna hefur verið náð með ýmsum hætti. Segja má að ráðstefnur og námskeið hafi verið helsta leiðin til að samræma vinnubrögðin. Sömuleiðis lítilsháttar útgáfa á leiðbeinandi reglum. En aðallega hefur samræmingin átt rætur í alþjóðlegu starfi sem FLE hefur átt aðild að. Helst er að nefna samstarf innan NRF frá árinu 1939. Síðar þátttöku í Evrópusamtökum endurskoðenda (FEE) og Alþjóðasamtökum endurskoðenda (IFAC) að ógleymdum fjölmörgum faghópum sem tengjast þessum samtökum. Ef undan er skilið starfið í NRF hefur FLE á alþjóðavettvangi fremur verið þakklátur þiggjandi eins og vænta má af fjarlægri þjóð og fámennri.

FLE hefur sem vettvangur gagnkvæmra kynna félagsmanna náð eftirtektarverðum árangri. Fundir og ráðstefnur félagsins hafa alltaf verið vel sótt. Hlutfallslega er þátttakan heimsmet á vettvangi endurskoðenda. Í árdaga, meðan félagsmenn voru fáir og innabæjar í Reykjavík, mættu þeir allir. Og síðar, þegar starfandi endurskoðendur skiptu tugum, mættu á Skattadaga allir sem á annað borð höfðu fótavist. Tíðir fundir og góð þátttaka hafa stuðlað að góðum kynnum félagsmanna. Hlutfallsleg þátttaka í félagsstarfinu hefur vakið athygli og öfund foringja í erlendum fagfélögum endurskoðenda. Þá hafa ráðstefnur FLE, ferðalög og skemmtanir með þátttöku maka stuðlað að kynnum stærri hóps. Skipulag félagsstarfseminnar hefur stuðlað að auknum kynnum milli félagsmanna og að kynnum þeirra á faginu. Reglur um útskipti í stjórn og nefndum hafa orðið til þess að endurskoðendur takast saman á við fagleg verkefni og kynnast vel hver öðrum.

Viljandi hafa hér fyrst verið rakin glæstu sporin í 70 ára félagsstarfi FLE, því fæstir hafa mikinn tíma fyrir fortíðina og lesa e.t.v. ekki lengra.

Markmið FLE ...að bættari þjónustu félagsmanna við viðskiptavinina sína og aðra, er byggja



Friðrik Sophusson þáverandi fjármálaráðherra ávarpar afmælisgesti

á störfum þeirra, hafa verið í góðum höndum félagsmanna sjálfra fremur en félagsins eins og eðlilegt er. FLE hefur unnið að þessu markmiði með fræðslu á félagsfundum.

Markmið FLE um ...koma fram fyrir hönd endurskoðenda gagnvart stjórnvöldum um þau málefni sem stétt þeirra varða, hafa gengið fram hægt og bitandi, sérstaklega á sviði menntunar og eftirmenntunar sem eru í góðum farvegi. Félagið hefur þó oftast komið fram gagnvart stjórnvöldum að þeirra beiðni og t.d. lagt sig fram um að svara kalli Alþingis þegar það hefur óskað álits á lagafrumvörpum. En markmiðunum um ...að vera í forsvari stéttarinnar á opinberum vettvangi og ...að gæta hagsmuna félagsmanna sem tengjast störfum þeirra sem endurskoðenda, hefur félagið ekki sinnt jafn mikið og nauðsynlegt er. FLE hefði mátt sinna betur gæslu hagsmuna endurskoðunarfagsins (og almennings) og félagsmanna gagnvart löggjafarvaldinu og stjórnvöldum, því of lengi og í of ríkum mæli hefur „endurskoðun“ verið í höndum ófaglærðra.

FLE hefur sinnt því markmiði sínu ...að því að almennt aðhald sé með starfsemi og framkvæmd starfa endurskoðenda, ágætlega. Reglan um skyldubundna eftirmenntun í bland við

starf í fagnefndum félagsins, t.d. menntunarfnd og gæðanefnd, er því til vitnis. Eins má nefna eftirlit og strangt aðhald alþjóðlegra endurskoðunarfyrirtækja, en meirihluti starfandi endurskoðenda er innan vébanda þeirra. Rétt er þó að benda á að það er út af fyrir sig og sem betur fer, ekki brot á lögum að vera lélegur endurskoðandi og án þeirra væru engir góðir endurskoðendur sjáanlegir.

Markmiðinu um ... að vinna að kynningu á starfssviði félagsmanna, hefur félagið lítið sinnt, þó örlað hafi á breytingu í því efni undanfarin misseri. Líklegasta skýringin er sú að félagsmenn hafa búið við næg verkefni og sæmileg kjör.

Við ferðumst inn í framtíðina afturábak. Í því felst að við sjáum hið liðna, en vitum ekki hið ókomna. Í því liðna er þó ýmis vísbending um það sem koma skal. Endurskoðendur af fyrsta og öðru tímabili voru oft allt í öllu fyrir marga sína skjólstæðinga. Þeir gerðu það sem gera þurfti. Þeir jafnvel tóku ákvarðanir og öxluðu ábyrgð í daglegum rekstri fyrirtækja. Þeir báru viðskiptavinum sína á bakinu ef þörf krafði. Skrifstofur endurskoðenda voru þá almennt minni en nú tíðkast og nálægðin meiri. Þetta er að breytast. Aukin almenn viðskiptamenntun og

þekking innan fyrirtækja minnkar þörfina fyrir hinn alvitra endurskoðanda sem allt kann og getur. Líklegt er að brátt vinni endurskoðendur við endurskoðun og ekki annað vegna þess að þeir búa við of mikla samkeppni á öðrum hefðbundnum sviðum. Þess vegna er brýnt að tryggja að þeir sem hafa menntun til að endurskoða, og ekki aðrir, endurskoði. Það er mín von og ósk að svo verði. Fyrsta vers gæti verið að ríkið hætti að keppa í fjárhagsendurskoðun við endurskoðendur á almennum markaði.

Áfram svo Félag löggiltra endurskoðenda; til hamingju.

¹ Björn E. Árnason, úr ræðu á 25 ára afmæli Fle

² Sjá úrdrátt ræðunnar í Afmælisriti, Félag löggiltra endurskoðenda, 1935–1995, bls. 49–52

³ Det Nordiske Revisor Sekretariat (NRS) nú Nordisk Revisorforbund (NRF)

⁴ Bóklegar greinar voru endurskoðun, skattskil, reikningshald, þjóðhagfræði, rekstrarhagfræði, viðskiptareikningur, tölfræði og lögfræði.

⁵ Lög nr. 63 frá 31. maí 1976

⁶ Sumráðstefnur félagsins voru haldnar frá 1964 og fram yfir 1990. Frá vorinu 1994 hefur Endurskoðunardagur ávallt boðað upphaf sum ar. Skattadagur Fle er nokkru eldri og er haldinn í janúar. Á haustin eru jafnan haustráðstefnur sem standa a. m. k. 2 daga og/eða Reikningskiladagur, nema þegar Fle efnir til námskeiðahalds og samveru erlendis fyrir félagsmenn sína og maka þeirra.



Af stjórnarborði



Sigurður B.
Arnþórsson
formaður FLE

Gæðaeftirlit FLE

Fyrir rétt um ári síðan samþykktu félagsmenn reglur um gæðaeftirlit félagsins. Í reglunum kemur fram að markmið þeirra sé að hvetja og aðstoða félagsmenn og fyrirtæki þeirra til að uppfylla ströngustu kröfur sem gerðar eru til starfa þeirra á hverjum tíma. Jafnframt að tryggja að endurskoðendur innan FLE fullnægi þeirri þörf samfélagsins að veita ávallt þjónustu í hæsta gæðaflokki og viðhaldi þar með trausti almennings.

Á aðalfundi félagsins síðast liðinn vetur kom fram að á þessu starfsári muni gæðanefnd félagsins móta nánar verklagsreglur um framkvæmd gæðaeftirlitsins, með það að markmiði að formlegt gæðaeftirlit fari fram á yfirstandandi starfsári.

Þessa dagana er gæðanefndin að leggja lokahönd á verklagsreglur gæðaeftirlitsins. Nefndin hefur leitað eftir tilnefningu um gæðaeftirlitsmenn frá þeim endurskoðunarfyrirtækjum þar sem fyrir hendi eru gæðaeftirlits- og gæðastjórnunarkerfi, enda má gera ráð fyrir að innan þeirra vébanda starfi endurskoðendur sem öðlast hafa dýrmæta reynslu við framkvæmd slíks eftirlits. Eitt megin markmið með gæðaeftirlitinu er að hvetja og aðstoða félagsmenn við störf sín sem endurskoðendur, sem og að miðla þekkingu og reynslu á sviði endurskoðunar.

Fyrirhugað er að formlegt gæðaeftirlit muni í fyrsta sinn fara fram næsta haust á tímabilinu september til desember, eins og hinar nýju reglur um gæðaeftirlit FLE gera ráð fyrir.

Norræna endurskoðenda-sambandið (NRF)

Í febrúar síðast liðinn var haldinn fundur á vegum NRF í Kaupmannahöfn, þar sem formenn Norðurlandanna ræddu m.a. hvernig auka mætti samstarf landanna í gegnum NRF. Var sú ákvörðun tekin að skipa samnorræna vinnuhópa, um þau málefni sem eru ofarlega á baugi í störfum endurskoðenda þessa dagana.

Þessi málefni eru í fyrsta lagi innleiðing 8. tilskipunar Evrópusambandsins, í öðru lagi vinnuhópur um ábyrgð endurskoðenda og í þriðja lagi endurskoðun fyrir lítil og millistór félög, svo kölluð SME félög.

Gunnar Sigurðsson, faglegur framkvæmdastjóri FLE, hefur tekið þátt í þessari vinnu fyrir okkar hönd, en þó nokkrir símafundir hafa verið haldnir í tengslum við þessi málefni.

Nú í byrjun júní munu verða haldnir formlegir fundir í þessum vinnuhópum, og mun Gunnar sitja þá fundi sem okkar fulltrúi. Ánægjulegt er að félagið hafi nú möguleika og tækifæri til að vera beinn þáttakandi í samnorrænu starfi og væntir stjórnin mikils af því fyrir hönd félagsmanna.

Í ágúst næst komandi mun NRF halda ársfund sinn hér á landi. Hefð er fyrir því að Norðurlöndin skiptist á um að halda ársfund NRF, en þar mæta formenn, varaformenn og framkvæmdastjórnar aðildarfélaganna, ásamt mökum. Á fundinum flytja öll Norðurlöndin skýrslu um það sem hæst hefur borið í starfi þeirra síðast liðið ár og jafnframt munu þeir vinnuhópar sem áður er getið, gera grein fyrir starfi sínu. Framkvæmdastjóri NRF gerir síðan grein fyrir starfi samtakanna á vettvangi Norðurlandanna, sem og innan FEE og IFAC.

Mikil vinna hefur farið fram að undanfögnu á skrifstofu félagsins vegna þessa fundar, en fundurinn mun verða haldinn á Akureyri. Undirbúningurinn er nú á lokastigi og vill stjórn félagsins koma á framfæri þakklæti til framkvæmdastjóra félagsins sem og dyggra félagsmanna okkar fyrir norðan sem hafa lagt hönd á plögin.

Fundur um málefni endurskoðenda með fulltrúa Fjármálaráðuneytisins

Í apríl síðast liðinn héldu formaður og varaformaður FLE, ásamt faglegum framkvæmdastjóra félagsins á fund með fulltrúa Fjármálaráðuneytisins, til að ræða þau málefni sem snerta störf okkar sem endurskoðendur. Ýmis mál voru rædd en það sem eðlilega bar helst á góma var innleiðing 8. tilskipunarinnar og áhrif hennar á störf okkar endurskoðenda, sem og á íslenska löggjöf.

Evrópusambandið hefur sett sér það markmið að afgangur af endanlega breytta áttundu tilskipun síðar á þessu ári, eftir að hafa tekið tillit til fjölda ábendinga og athugasemda frá ýmsum hagsmunaaðilum. Aðildarlöndin munu þá hafa átján mánuði til að innleiða tilskipunina og er ljóst að sú vinna sem þarf að fara fram er mjög mismunandi.

Í okkar tilfalli liggur fyrir að veruleg vinna er fyrirjáanleg, en í lok þessa árs þarf að setja í gang þýðingavinnu á alþjóðlegu endurskoðunarstöðlunum og gat fulltrúi Fjármálaráðuneytisins þess að líklega yrði staðið að þeirri vinnu með sambærilegum hætti og þegar alþjóðlegu reikningsskilastaðlarnir voru þýddir.

Önnur mál komu einnig til umræðu sem tengjast innleiðingu tilskipunarinnar, eins og opinbert gæðaeftirlit með störfum endurskoðenda sem og siðareglur stéttarinnar. Enn fremur ákvæði tilskipunarinnar um menntunarkröfur og endurmenntun endurskoðenda, m.a. í ljósi fyrirhugaðs mastersnáms í endurskoðun og reikningshaldi, sem boðið verður upp á hjá HR og HÍ á hausti komanda. Jafnframt var rætt um opinbera skráningu á endurskoðendum og endurskoðunarfyrirtækjum og samstarf landa Evrópusambandsins um slíka skráningu og viðurkenningu á endurskoðendum í öðrum löndum vegna endurskoðunarvinnu sem fer fram í öðru landi en heimalandi móðurfélags.

Voru aðilar sammála um að umfangsmikil vinna væri framundan við að yfirfara lög sem þessi mál varða, m.a. lög um löggilta endurskoðendur og ýmis félagalög, enda mörg nýmæli í 8. tilskipuninni sem ekki hafa áður verið lögfest hér á landi.

Haustræð FLE til Stokkhólms í september 2005

Í maímánuði var félagsmönnum send dagskrá ferðar til Stokkhólms, þar sem félagið mun halda haustræðstefnu sína. Jafnframt mun verða farið í heimsókn til félags endurskoðenda í Svíþjóð (FAR) og að sjálfsgöðu munum við skoða okkur um í Stokkhólmi og gera okkur glaðan dag með mökum okkar. Eins og félagsmenn eru vafalaust búnir að lesa þá er dagskráin og öll umgjörðin hin glæsilegasta, enda þátttakan eftir því, en hvorki fleiri né færri en 220 manns hafa skráð sig í ferðina.

Ég vil nota tækifærið og þakka þeim félagsmönnum sem komið hafa að skipulagi ferðarinnar, fyrir metnaðarfulla og spennandi dagskrá og hlakka til að sjá fríðan hóp félagsmanna og maka þeirra í Stokkhólmi.

Lokaorð

Þann 16. júlí á þessu ári mun Félag löggiltra endurskoðenda verða 70 ára. Ég vil á þessum tímamótum óska okkur til hamingju með afmælið og leyfi mér að fullyrða að við höfum borið aldurinn vel. Þrátt fyrir að vera komið á eftirlaunaaldur, ef borið er saman við starfsæfi okkar endurskoðenda, er félagið ungt og ferskt. Sjaldan eða aldrei hefur eins mikil gróska og nýjir straumar verið í heimi okkar endurskoðenda eins og innleiðing alþjóðlegra endurskoðunar- og reikningsskilastaðla ber með sér.

Í tilefni þess þegar félagið varð 60 ára var gefið út glæsilegt afmælisrit, þar sem leitast var við að skrá sögu félagsins í máli og myndum.

Á þeim tíma var formaður félagsins Þorsteinn Haraldsson, og þótti því við hæfi að fá hann til að skrifa afmælishugvekju í tilefni af sjöttíu ára afmælinu, sem birtist hér í þessu blaði.

Að ósk afmælisbarnsins verður ekki haldið sérstaklega upp á þessi tímamót nú, en frekar hugað að veglegum veisluhöldum á 75. ára afmælinu.

Því vil ég segja að lokum; til hamingju með daginn kæra afmælisbarn, og megum við endurskoðendur og fjölskyldur okkar eiga gleðilegt sumar – hittumst hress og kát í Stokkhólmi í haust.



Sigurður B. Arnþórsson formaður FLE og Jens Röder formaður danska félagsins (FSR) ræða saman á Endurskoðunardegi FLE

Til hamingju með afmælið

frá júní – desember 2005

80 ára þann 8. nóvember 2005	Gunnar R. Magnússon
75 ára þann 23. júní 2005	Guðjón Eyjólfsson
70 ára þann 29. október 2005	Sigurður Tómasson
70 ára þann 18. desember 2005	Sveinn Jónsson (KA)
65 ára þann 18. ágúst 2005	Sverrir Ingólfsson
65 ára þann 13. október 2005	Þráinn Sigurjónsson
65 ára þann 10. nóvember 2005	Birgir Ólafsson
60 ára þann 12. júní 2005	Þorvaldur Þorvaldsson
60 ára þann 19. ágúst 2005	Garðar Valdimarsson
60 ára þann 24. september 2005	Reynir Gylfi Kristjánsson
60 ára þann 13. desember 2005	Guðmundur M. Magnason
50 ára þann 12. júlí 2005	Árni Sigurður Snæbjörnsson
50 ára þann 14. júlí 2005	Tyggvi Jónsson
50 ára þann 6. ágúst 2005	Gísli H. Guðmundsson
50 ára þann 7. október 2005	Eyvindur Albertsson
50 ára þann 25. október 2005	Árni Tómasson
50 ára þann 22. nóvember 2005	Sigurþór Charles Guðmundsson
40 ára þann 28. júlí 2005	Ragnar Þórir Guðgeirsson
30 ára þann 17. desember 2005	Jóhann Ioan Constantin Solomon



Meistaránám í reikningshaldi og endurskoðun (M.Acc.) – HÍ

Viðskipta- og hagfræðideild Háskóla Íslands mun í haust bjóða í fyrsta sinn upp á meistaranám í reikningshaldi og endurskoðun sem lýkur með prófgráðunni Master in Accounting, M.Acc. Undurbúningur þess hefur staðið yfir lengi. Deildin hefur til þessa boðið upp á fjögurra ára cand. oecon. nám í reikningshaldi og endurskoðun sem lagt verður niður með tilkomu meistaranámsins sem er þriggja missera meistaranám. Þeir sem hafa lokið cand. oecon. prófi af reikningshalds- og endurskoðunarsviði geta bætt við sig 21–24 einingum og þeir fyrstu hafa möguleika á að útskrifast með meistara-gráðu í júní 2006. Námið er ætlað þeim sem hyggjast leggja stund á endurskoðun með lög-gildingunni í huga eða þeim sem hafa áhuga á að starfa sem sérfræðingar á sviði reikningshalds og endurskoðunar hjá fyrirtækjum og stofnun-um.

Metnaðarfullt og framsækið nám sem tekur mið af alþjóðlegri þróun þessi nýja námsleið tekur mið af alþjóðlegri þróun í kennslu í reikningshaldi og endurskoðun og uppbygging námsins tekur mið af því sem best þekkt er í erlendum háskólum. Kennarar við erlenda háskóla munu koma að kennslunni auk fastra kennara deildarinnar og starfandi löggiltra endurskoðenda.

„Með þessari breytingu er viðskipta- og hagfræðideild að koma til móts við síauknar kröfur íslensks viðskiptalífs um sérfræðipækningu í reikningshaldi og endurskoðun. Meðal annars er tekið tillit til þróunar og innleiðingar alþjóðlegra staðla um reikningshald og endurskoðun, sífellt flóknari starfsemi fjármálafyrirtækja og stóraukinna erlendra umsvifa íslenskra fyrirtækja sem kalla á aukna þekkingu á alþjóðlegum skatta- og reikningsskilareglum,“ segir Gylfi Magnússon, forseti viðskipta- og hagfræðideildar Háskóla Íslands.

Inntökuskilyrði fyrir M.Acc. námið

Inntökuskilyrði verða BS próf í viðskiptafræði með áherslu á fjármál og reikningshald (BS-F). BS-F línan tekur sérstaklega mið af því að nemendur velji sér meistaranám í reikningshaldi og endurskoðun sem framhaldsnám. Þeim sem lokið hafa BS prófi í viðskiptafræði með annarri grunnþekkingu verður boðið upp á sérsniðið undirbúningsnám fyrir meistaranámið. Valið er inn í námið á grundvelli árangurs í fyrra námi og annarra þátta sem varpa ljósi á getu umsækjenda til að ljúka því með sóma. Fyrir liggur að veruleg ásókn er í meistaranámið og hefur fjölmennur hópur sótt um. Í ljósi þess hve

ásóknin er mikil hefur verið ákveðið að bjóða fleiri námskeið næsta vetur en stefnt var að í fyrstu og tvíkenna sum námskeiðanna.

Þriggja missera meistaranám

Meistaránámið í reikningshaldi og endurskoðun verður þriggja missera nám og skiptist hvert misseri upp í tvær 7 vikna kennslulotur. Valnámskeið í meistaranámi í fjármálum eru þó undanskilin þessu en þar er kennt í 13 vikur.

Þar sem nemendur hafa lokið cand. oecon. námi gefst kostur á því að halda áfram námi og öðlast meistara-gráðu verður tvenns konar námsskipulag í gangi samtímis næsta skólaár.

Námskeið í M.Acc. námi fyrir þá sem hafa lokið cand. oecon. prófi

Haut	Vor
04.44.06 Reikningshald VI – rekstrarbókhald – framhald	04.44.64 Reikningshald IX – fjármála-gerningar og fjármálafyrirtæki
04.44.30 Endurskoðun II hluti	04.44.61 Alþjóðlegt umhverfi reikningsskila Valgrein úr MS námi í fjármálum
04.43.16 Reikningshald VIII – greining ársreikninga og virðismat	
04.44.62 Skattskil III	
04.44.60 Stjórnsýsluendurskoðun	

Námskeið í M.Acc. námi fyrir þá sem hafa lokið BS prófi í viðskiptafræði með áherslu á fjármál og reikningshald

Haut fyrra ár	Vor fyrra ár
04.44.11 Endurskoðun I hluti	04.44.12 Reikningshald V – samstæðureikningsskil
04.44.06 Reikningshald VI – rekstrarbókhald – framhald	04.44.32 Fjárhagsupplýsingakerfi
04.44.13 Skattskil II	04.44.33 Reikningshald VII – reikningsskilafraði
04.43.16 Reikningshald VIII – greining ársreikninga og virðismat	04.44.60 Stjórnsýsluendurskoðun
04.44.30 Endurskoðun II hluti	04.44.62 Skattskil III
04.44.31 Fjármuna- og félagaréttur	04.44.63 Endurskoðun III hluti Valgrein úr MS námi í fjármálum
Haut síðara ár	
04.44.61 Alþjóðlegt umhverfi reikningsskila	
04.44.64 Reikningshald IX – fjármála-gerningar og fjármálafyrirtæki	

Kennarar í fremstu röð

Einvala lið kennara mun koma að kennslunni. Auk fastra kennara við deildina munu kennarar við erlenda háskóla og sérfræðingar á sviði reikningshalds, endurskoðunar og skattamála koma að kennslunni.

Kennarar námsins verða m.a. Ásmundur G. Vilhjálmsson hdl., skattaráðgjafi, Bjarni Frímann Karlsson lektor í viðskipta- og hagfræðideild HÍ, Einar Guðbjartsson dósent í viðskipta- og hagfræðideild HÍ, Guðrún Baldvinsdóttir Ph.D. í reikningshaldi og lektor við University of Dundee, Jón Elvar Guðmundsson MS í alþjóðlegum skattarétti, Ólafur Kristinsson löggiltur endurskoðandi, Sigríður Ármannsdóttir löggiltur endurskoðandi, Sigrún Guðmundsdóttir MS í reikningshaldi og endurskoðun og Thomas Plenborg prófessor í reikningshaldi og endurskoðun við Copenhagen Business School.

Opnir fyrirlestrar með virtum erlendum gestafyrirlesurum

Í tilefni þess að viðskipta- og hagfræðideild býður nú í fyrsta sinn upp á meistaranám í reikningshaldi og endurskoðun munu virtir erlendir



gestir vera með opna fyrirlestra um reikningshald og endurskoðun á næstu mánuðum.

Nú þegar hafa tveir erlendir fyrirlesarar sótt deildina heim. Michael Power, prófessor í reikningshaldi við London School of Economics flutti erindið „Auditability: A Theory?“ föstudaginn 27. maí síðastliðinn og David Cairns, sérfræðingur í reikningskilastöðlum alþjóðlega reikningskilaráðsins og prófessor í endurskoðun við London School of Economics, var með opinn

fyrirlestur um fortíð, nútíð og framtíð alþjóðlegra reikningskilastaðla mánudaginn 30. maí.

Allir fyrirlestrarnir eru kynntir á heimasíðu deildarinnar <http://www.vidskipti.hi.is>. Áhugasamir geta einnig skráð sig á póstlista deildarinnar og fengið sent til sín upplýsingar um viðburði á vegum deildarinnar í tölvupósti.

Meistaránám á helstu sviðum viðskiptafræði

Með meistaranámi í reikningshaldi og endurskoðun býður viðskipta- og hagfræðideild upp á meistaranám á öllum helstu sviðum viðskiptafræði. Deildin býður þegar upp á meistaranám í stjórnun og stefnumótun, markaðsfræði og alþjóðaviðskiptum, mannauðsstjórnun og fjármálum og MBA nám. Auk þess býður deildin upp á meistaranám í hagfræði og heilshagfræði og doktorsnám í bæði viðskiptafræði og hagfræði.

Að sögn Gylfa hefur framhaldsnámið verið einn helsti vaxtarbroddurinn í starfi viðskipta- og hagfræðideildar undanfarin ár. Frá því að deildin bauð fyrst upp á meistaranám árið 1990 hafa 309 einstaklingar lokið meistaraþrófi frá deildinni, þar af útskrifuðust ríflega 100 nemendur með meistara eða doktorsgráðu í fyrra. „Við höfum lagt áherslu á að tryggja gæði námsins og mæta þörfum íslensks atvinnulífs sem gerir auknar kröfur um sérhæfingu og faglega kunnáttu. Það hefur gengið vel og við erum staðráðin í að gera enn betur á næstu árum,“ segir Gylfi.





Um meistaranám í endurskoðun við HR



Stefán Svavarsson
forstöðumaður
meistaránáms
við HR

Það var niðurstaða sérstakrar nefndar sem skipuð var af stjórn FLE fyrir nokkrum árum í því skyni að skoða stöðu menntunarmála verðandi endurskoðenda að tímabært væri að auka á ný prófkröfur vegna bóklegs náms í reikningshaldi og endurskoðun með því að færa bóklega námið á meistarastig. Slík breyting á bóklegu námi endurskoðunarnema hafði í tvígang verið gerð áður. Fyrst þegar þriggja missera kvöldskólánámskeiðin hófust upp úr 1950 og síðan aftur þegar bóklegt nám í endurskoðun var fært inn fyrir veggj háskólans en það var gert á árinu 1975.

Ástæður þessarar breytingar að þessu sinni voru að mati nefndarinnar tvær. Annars vegar að þýðingamikið væri að ekki minni prófkröfur yrðu gerðar að þessu leyti í náminu en erlendis, en fyrir liggur að sífellt fleiri þjóðir hafa verið að gera slíkar menntunarkröfur, t.d. Danir og Bandaríkjamenn. Hins vegar var bent á, að viðfangsefnin í daglegum störfum endurskoðenda krefðust meiri menntunar. Í því efni var ekki síst bent á miklar breytingar á sviði fjármálafræða og staðlasmíði á sviði reikningshalds og endurskoðunar.

Til þess að undirbúa formlegt nám á meistarastigi við Háskólann í Reykjavík var skipuð sérstök nefnd á vegum skólans og var þess farið á leit við Félag löggiltra endurskoðenda að það skipaði menn til virkrar þátttöku í nefndinni. Nefndin vann tillögur um námskipanina á grundvelli skýrslu FLE og því var ákveðið að nauðsynlegt væri að auka bóklegt nám í heild úr fjórum árum í fimm. Þar sem almennt grunnnám í háskóla er nú þrjú ár samanborið við

fjögur ár samkvæmt eldra skipulagi, eða cand.oecon. námi, var við það miðað að meistaranámið skyldi vera tvö námsár. Þessi breyting gæfi færi á aukningu í náminu á þeim sviðum sem helst var talin þörf á samkvæmt skýrslu FLE, þ.e. á sviði fjármálafræða, reikningshalds og endurskoðunar. Hér á eftir verður í stuttu máli gerð grein fyrir helstu áherslubreytingum í bóklegu námi til löggildingar í endurskoðun samanborið við eldra fyrirkomulag.

Eins og áður sagði tekur meistaranámið tvo ár sem svarar til fjögurra missera. Á hverju misseri eru kenndar fjórar námsgreinar samanborið við fimm í grunnnámi. Hvert námskeið er umfangsmeira og því verður einingafjöldi 3,75 samanborið við 3. Í því felst að kröfur til nemenda og kennara eru að jafnaði 25% meiri í hverju námskeiði, enda gert ráð fyrir að námið sé full vinna hjá þeim sem leggur það fyrir sig, en einnig er þó gefið færi á hlutanámi eða námi með vinnu. Í náminu verður gert ráð fyrir meiri verkefnavinnu en almennt gerist í háskólanámi, enda við það miðað í námskipaninni að nemendur fái eins raunhæfa þjálfun og kostur er og til samræmis að kennsla fari ekki aðeins fram í fyrirlestrarformi. Sérstaklega verður kappkostað að undirbúa nemendur vel undir löggildingarþróf.

Samtals verða í boði 20 námskeið en ljúka verður 16 námskeiðum til þess að öðlast meistaraþróf. Námskeiðin greinast þannig að 9 eru á sviði reikningshalds, 5 á sviði fjármálafræða, 3 í endurskoðun, 2 í skattskilum og loks eitt í féлага- og fjármunarétti.

Gert er ráð fyrir að nemendur hafi lokið að minnsta kosti þremur námskeiðum í reikningshaldi í grunnnámi áður en nám á meistarastiginu hefst. Námskeiðin í reikningshaldinu greinast þannig að tvö eru á sviði ársreikningagerðar með sérstaka áherslu á staðla alþjóðlega reikningsskilaráðsins. Tvö námskeið verða á sviði rekstrarbókhalds og í seinni námskeiðinu verður kappkostað að kynna fyrir nemendum innra bókhald fyrirtækja úr hinum ýmsu atvinnugreinum í íslensku atvinnulífi. Hin nám-

skeiðin eru á sviði samstæðureikningsskila, greiningar og túlkunar ársreikninga með sérstakri áherslu á verðmætamat fyrirtækja og reikningsskilafræða almennt. Þá verður sérstakt námskeið um afleiður en því verður tvískipt. Í fyrri hlutanum verður fjallað um afleiður sem fjármálataeki og hvernig þeim er beitt fyrirtækjum til gagns í stjórnun fjármála en í seinni hlutanum verður gerð grein fyrir reikningshaldslegri meðhöndlun afleiða samkvæmt reglum alþjóðlega reikningsskilaráðsins. Loks verður eitt námskeið um upplýsingakerfi á sviði reikningshalds fyrirtækja.

Eins og lesendur fréttablaðsins geta séð af þessu er um verulega aukningu í námsframboði á sviði reikningsskila fyrirtækja miðað við þá námskipan sem gilt hefur hér á landi síðastliðin 30 ár eða svo. Enginn vafi er á, að nemendur verða mun færari en áður til þess að glíma við þau margvíslegu verkefni sem blasa við í atvinnulífinu á sviði afkomu- og efnahagsmælinga fyrirtækja.

En aukningin er ekki eingöngu á sviði reikningshaldsins, þó að hún sé þar fyrirferðarmeiri, því auk þess verða stöðlum alþjóðlegu endurskoðunarnefndarinnar gerð mun ítarlegri skil en áður. Kappkostað verður að leggja fyrir nemendur raunhæf verkefni sem þjálfa þá í beitingu staðlanna og ýmissi rannsóknartækni, svo sem við úrtaksprófanir, sem þeir staðlar krefjast en hefur ekki í nægilegum ríkum mæli verið beitt hér á landi. Þessi viðfangsefni verða til umræðu í þremur námskeiðum í endurskoðun. Þá verða fimm námskeið í boði á sviði fjármálafræða sem byggja á undirbúningi að minnsta kosti tveggja námskeiða í fjármálum fyrirtækja í grunnnámi. Loks verða þrjú námskeið á sviði skattaskila og skattaréttar og féлага- og fjármunaréttar. Í námskeiðunum í skattarétti verður auk hefðbundinnar yfirferðar um hin ýmsu skattalög fjallað um skattaskipulagningu. Loks verður í námskeiðinu um féлага- og fjármunarétt fjallað um helstu réttarreglur á sviði viðskiptalífsins sem máli skiptir að endurskoðendur þekki.

Í öllum þessum námskeiðum er kappkostað að fá kennara sem ekki eingöngu hafa fræðilega sterkan bakgrunn heldur einnig að þeir hafi starfað með farsælum hætti á viðkomandi sviðum í íslensku atvinnulífi. Þá verður einnig leitað til erlendra fyrirlesara eftir því sem ástæða þykir til. Til þess að vera sífellt vakandi um námsskipanina og námsframboðið hefur Háskólinn í Reykjavík komið á fót sérstakri ráðgjafarnefnd sem reglulega verður leitað til í því skyni að treysta námið ennfrekar en ella. Í nefndinni eiga sæti fulltrúar nokkurra endurskoðunarstofa og fyrirtækja almennt.

Það er von Háskólans í Reykjavík að ofangreind námskipan standist vel samanburð við nám í þeim erlendu skólum sem helst er ástæða til þess að bera sig saman við. Við undirbúninginn hefur verið leitað fyrirmynda um námskeið, námskeiðskröfur og efni til erlendra skóla, m.a. í Bandaríkjunum og Danmörku. Það er enn fremur von og raunar vissa skólans að útskrifaðir nemendur hans muni standa sig vel í atvinnulífinu að loknu námi.

Opnartími skrifstofu FLE

Skrifstofa FLE er opin mánudaga
til fimmtudaga frá kl. 9–12:30.

Sími: 568 8118

Fax: 568 8139

Tölvupóstfang: fle@fle.is
Heimasíða FLE: www.fle.is

Starfsmenn skrifstofu:
Arnbjörg Edda Guðbjörnsdóttir
framkvæmdastjóri:
Beinn sími: 568 2699
Tölvupóstfang: arnbjorg@fle.is

Gunnar Sigurðsson
faglegur framkvæmdastjóri
Beinn sími: 568 2704
Tölvupóstfang: gunnar@fle.is

Skattadagur FLE

Skattadagur FLE árið 2005 var haldinn 14. janúar s.l. á Grand Hótel. Að venju mættu félagsmenn mjög vel og dagskráin var með hefðbundnu sniði. Formaður félagsins Sigurður B. Arnþórsson setti ráðstefnuna en síðan tók Gerður Guðjónsdóttir endurskoðandi við ráðstefnustjórninni.

Fyrst á mælendaskrá var Þóra Margrét Þorgeirsdóttir, B.S. í viðskiptalögfræði en hún greindi frá nýlegum breytingum á lögum og reglugerðum um tekju- og eignarskatt og öðrum skattalögum. Hún fjallaði einnig um eldri breytingar sem áttu eftir að taka gildi. Töluverðar breytingar voru á skattalögum en þær helstu voru afnám eignarskatts, breytingar á erfðafjárskatti og ný lög um olíugjald og kílómetragjald.

Gunnar Gunnarsson, hdl. fjallaði um samskráningu í virðisaukaskatti og frumvarp um það sem liggur fyrir Alþingi. Hann fór yfir efnisatriði frumvarpsins og taldi það vonum seinna að tekin væri upp samsköttun í virðisaukaskatti eins og í tekju- og eignarskatti. Hann taldi hins vegar of skammt gengið í frumvarpinu. Í því sambandi fór hann yfir hvernig þessum málum væri háttað í nágrannalöndunum, aðallega í Danmörku.

Baldur Guðlaugsson, ráðuneytisstjóri í Fjármálaráðuneytinu fjallaði um íslenska skattakerfið í nútíð og framtíð. Í erindinu sýndi hann m.a. fróðlegar töflur um hvernig skatttekjur ríkissjóðs skiptast á helstu skattstofna og hvernig þessi skipting hefur þróast svo og samanburð við önnur lönd.

Árni Harðarson, hdl. fjallaði um íslenskan skattarétt og Evrópurétt og áhrif EES á íslenskan skattarétt. Hann fjallaði um skattalega samræmingu innan Evrópusambandsins og fór yfir þrjár tilskipanir; móður / dótturfélagtilskipun, samrunatilskipun og tilskipun um vexti og þóknarir. Einnig fór hann yfir nýlegan úrskurð EFTA dómstólsins varðandi arðgreiðslu úr norsku félagi.

Eftir kaffihlé flutti Bernhard Bogason, hdl. erindi sitt sem nefndist „Taktmörkuð skattskylda



Ráðstefnustjóri, Gerður Guðjónsdóttir, endurskoðandi

– óskýrar reglur sem mögulega fæla frá erlenda fjárfesta”. Hann taldi sumar reglur óskýrar og að þær þyrfti að laga og tók nokkur dæmi þar um, máli sínu til stuðnings.

Indriði Þorláksson, ríkisskattstjóri, gerði grein fyrir skýrslu nefndar um umfang skattsvika og fór yfir helstu atriði hennar, bæði í hverju skattsvikin væru fólgin svo og þær breytingar á lögum og reglum sem lagðar eru til í skýrslunni.

Steinþór Haraldsson, lögfræðingur hjá Ríkisskattstjóra fór yfir nokkra athyglisverða nýlega dóma og úrskurði í skattamálum. Einnig kom fram hjá Steinþóri að kærur til Yfirskattanefndar hefur fækkað mikið á undanförunum árum frá því sem áður var.

Síðastur á mælendaskrá var Ásmundur Vilhjálmsson, hdl. sem fór yfir áhugaverða dóma og yfirskattanefndarúrskurð sem snérist um mörkin milli eigin fjár og lána.

Rétt er að benda á að glærur allra fyrirlesaranna nema eins eru á heimasíðu FLE undir liðnum „Efni frá ráðstefnum”.

Að lokum vakti það athygli á ráðstefnunni að allir fyrirlesaranna nema einn eru lögfræðimenntaðir og enginn þeirra endurskoðandi!



Innra eftirlit – hvað er það?



Ólafur B. Kristinsson
endurskoðandi
Pricewaterhouse-
Coopers hf.

Vaxandi umræða um mikilvægi innra eftirlits

Enron og World.Com eru velþekkt dæmi um áföll í Bandarísku efnahagslífi. Í Evrópu urðu stuttu seinna áföll sem vöktu mikla athygli. Þessi áföll veiktu verulega það traust sem ríkja þarf á fjármálamarkaði og því þurfti að finna leiðir til þess að endurvekja traust á aðilum fjármagnsmarkaða svo sem stjórnendum skráðra fyrirtækja, endurskoðendum og eftirlitsaðilum.

Í Bandaríkjunum urðu viðbrögðin þau að sett voru svonefnd Sarbanes-Oxley lög árið 2002. Þar er stjórnendum fyrirtækja gert skylt að staðfesta að innra eftirlit væri til staðar í fyrirtækinu sem tryggði áreiðanleika þeirra reikningsskila sem fyrirtækið birti. Gerð er krafa um að það innra eftirlit sé byggt á rammaleiðbeiningum (Framework) sem sett hafa verið fram af viðurkenndum fagaðilum. Fyrirtækjum er sem sagt ekki í sjálfsveld sett hvernig þau skilgreina innra eftirlit.

Sambærileg umræða er hafin í Evrópu og ekki ólíklegt að svipuð niðurstaða verði hjá Evrópusambandinu og þar með á Evrópska Efnahagssvæðinu.

Í þessum lögum er lögð áhersla á viðurkennda skilgreiningu á innra eftirliti. En er sameiginlegur skilningur á hugtakinu innra eftirlit til staðar hér á landi? Eða ræðst merking þess oftast af samhenginu í umræðunni hverju sinni.

Þegar rætt er um innra eftirlit fyrirtækja er mikilvægt að ekki þurfi að ráða í merkingu þess heldur sé það afmarkað og skilgreint þannig að ekki fari milli mála við hvað er átt.

Hugtakið innra eftirlit.

Innra eftirlit er ekki nýtt hugtak. En af umfjöllun má oft ráða að ekki sé einhugur um hvað felst í innra eftirliti. Þess vegna er þörf á að skilgreina innra eftirlit þannig að ekki sé vafi á því hvað við er átt.

Viða í lögum eru ákvæði um innra eftirlit án þess að það sé skilgreint nánar. Aðallega kemur fram að það skuli vera til staðar en ekki hvað það er eða hvernig því skuli háttað.

Fjármálaeftirlitið hefur sett fram reglur og leiðbeinandi tilmæli til að móta verklag við innra eftirlit en þar er innra eftirlit ekki skilgreint frekar.

Einhverjir hafa vísað til leiðbeinandi reglna frá Félagi löggiltra endurskoðenda. Það er ágætt svo langt sem það nær. Þar er hins vegar einungis fjallað um það hvernig endurskoðendur eiga og geta nýtt sér innra eftirlit í fyrirtækjum við endurskoðun en þar er ekki fjallað um það hvernig innra eftirlit skuli skoða frá sjónarhóli stjórnenda.

Greinargerðin sem Ríkisendurskoðun gaf út 1998 um innra eftirlit og er ætluð stjórnendum ríkisfyrirtækja og stofnana er ágæt. Sú greinargerð á erindi miklu víðar en bara innan ríkisfyrirtækja.

Hvað felst í hugtakinu?

Fyrirtæki eru svo ólík að stærð og allri gerð að ætla mætti að ein almenn skilgreining á innra eftirliti geti varla átt við. Hins vegar er innra eftirlit mikilvægt fleirum en stjórnendum fyrirtækja og því rétt að vekja athygli á því að almenn skilgreining á hugtakinu getur verið nauðsynleg. Til dæmis hljóta eftirtaldir aðilar sem allir koma að innra eftirliti með einhverjum hætti að þurfa að hafa sameiginlegan skilning á því hvað í innra eftirliti felst.

- **Stjórn.** Innra eftirliti er ætlað að auðvelda stjórn og innri stjórnendum að stýra rekstri fyrirtækja þannig að þau nái betur markmiðum sínum. Auk þess ber stjórn ábyrgð á því

að innra eftirlit sé til staðar samkvæmt ákvæðum ýmissa laga eins og t.d. laga um hlutafélög.

- **Eftirlitsaðilar.** Fjármálaeftirlitið hefur það hlutverk að fylgjast með því að starfsemi eftirlitsskyldra aðila sé í samræmi við lög og eðlilega viðskiptahætti. Þar með innra eftirlit.
- **Fjármagnseigendur.** Fjármagnseigendur og aðrir sem eru á hægri hlið efnahagsreiknings þurfa að geta treyst því að fyrirtæki hafi innra eftirlit sem stuðli að því að rekstur fyrirtækis nái arðsemismarkmiðum og að reikningsskil séu áreiðanleg.
- **Löggjafinn.** Löggjafinn setur atvinnulífina leikreglur og hluti af þeim leikreglum er krafa um innra eftirlit.
- **Dómsstólar.** Dómsvaldið þarf að úrskurða um það hvort lögum og reglum sem kveða á um innra eftirlit hafi verið fylgt en það er vandkvæðum bundið ef hugtakið er óljóst.

Skilgreiningu á innra eftirliti er að töluverðu leyti ábótavant í íslensku viðskiptasamfélagi og er því eðlilegt að líta til þess hvernig þær þjóðir sem við höfum mest samskipti við telja eðlilegt að líta á hugtakið. Við höfum tekið upp samræmdar reglur um reikningsskil sem byggja á alþjóðlegum reikningsskilastöðlum og innan skamms munum við þurfa að innleiða alþjóðlegar reglur um endurskoðun. Í þeim reglum er hugtakið innra eftirlit skilgreint.

Skilgreining hugtaksins

Erlendis hafa komið fram ýmsar rammaleiðbeiningar (Framework) um innra eftirlit. Þær eru gjarna auðkenndar með skammstöfunum og má þar nefna COSO í Bandaríkjunum, Cadbury and the Combined Code í Bretlandi, CoCo í Kanada og fleiri.

Þær leiðbeiningar sem kenndar eru við COSO áttu uppruna sinn í því að á sjötta og sjöunda áratugnum komu fram fjármálahneyksli í Bandaríkjunum sem áttu sér skýringu í blekkningum sem beitt var við gerð reikningsskila hjá

skræðum fyrirtækjum. Í framhaldi af því var stofnaður vinnuhópur óháðra hagsmunaaðila í Bandarísku viðskiptalífi. Þessi vinnuhópur naut stuðnings frá fimm fagfélögum sem fengu heitið The Committee of Sponsoring Organisations sem skammstafað er COSO.

COSO hópurinn gerði könnun meðal fyrirtækja og fagfélaga og í framhaldi af því var unnin greinargerð um innra eftirlit sem birt var árið 1992 undir heitinu Internal Control Integrated Framework. Þessi greinargerð hefur jafnan verið nefnd the COSO Report eða COSO skýrslan.

Skýrslan felur í sér faglega umfjöllun um skilgreiningu á innra eftirliti sem hæfir öllum fyrirtækjum óháð stærð, atvinnugrein og félagsformi. Skýrslan hefur haft mikil áhrif utan Bandaríkjanna og er kjarninn í fleiri rammaleiðbeningum sem gefnar hafa verið út síðan.

COSO skýrslan skilgreinir innra eftirlit þannig:

Hver sú aðgerð stjórnar, stjórnenda og starfsmanna, sem ætlað er að veita hæfilega vissu um að eftirfarandi markmið náist:

- árangur og skilvirkni í starfsemi
- áreiðanlegar fjárhagsupplýsingar
- uppfyllt ákvæði laga og reglugerða

Innra eftirlit er ekki sett fram í þessari skýrslu frá sjónarhóli endurskoðenda heldur sem mikilvægur þáttur í stjórnarháttum fyrirtækja. Þessi framsetning á við um fyrirtæki af öllum stærðum en e.t.v. ekki eins formlegt hjá smæstu fyrirtækjunum.

Innra eftirlit sem hluti af eðlilegri starfsemi

Það er athyglivert að í þessari skilgreiningu á innra eftirliti er lögð áhersla á að innra eftirlit er ekki markmið í sjálfu sér. Það er ekki ný deild í skipuriti. Það stendur ekki sjálfstætt. Innra eftirlit er ekki íþyngjandi fyrir reksturinn, veldur ekki umtalsverðum kostnaðarauka og hægir ekki á umsvifum fyrirtækisins. Innra eftirlit er tæki stjórnenda og stjórnar til að ná settum markmiðum.

Innra eftirlit á að vera hluti af eðlilegri starfsemi og samtvinnað daglegu verklagi starfs-

manna. Þess vegna er áriðandi að allir sem að því koma skilji tilgang þess og hversu mikilvægur hver einstakur þáttur er í því að markmið þess náist.

Innra eftirlit veitir ekki vissu um að þau markmið sem það beinist að náist. Árangur ræðst af ýmsum þáttum eins og skipulagi þess og viðhorfi stjórnenda og starfsmanna.

Einhver kostnaður kann að vera samfara einhverjum þáttum innra eftirlits og verður því að veða mögulegan ávinning á móti þeim kostnaði.

Innra eftirlit er ekki valkvætt. Gerð er krafa um innra eftirlit sem hluta af eðlilegri starfsemi fyrirtækis m.a. í hlutafélagalögum og lögum um bókhald.

Innra eftirlit eru hluti af góðum stjórnarháttum fyrirtækja

Þrennt má nefna sem öðru fremur gerir innra eftirlit hluta af góðum stjórnarháttum:

1. Stjórnendur fyrirtækja eru sífellt að takast á við áhættu. Því eru mikilvægustu þættir innra eftirlits áhættumat sem tengt er markmiðum fyrirtækisins og eftirlitsaðgerðir til þess að bregðast við áhættu.
2. Stjórn og innri stjórnendur afla margvíslegra upplýsinga til þess að fylgjast með framvindu rekstrar og skoða stöðu fyrirtækisins á hverjum tíma. Þessar upplýsingar liggja til grundvallar ákvarðanatöku og stefnumörkun og þess vegna er mikilvægt að þessar upplýsingar séu jafnan áreiðanlegar.
Ýmsir ytri aðilar svo sem fjárfestar, lánteitendur, starfsmenn og opinberir aðilar treysta á upplýsingar sem fyrirtæki lætur frá sér. Öflugt innra eftirlit stuðlar að áreiðanleika slíkra upplýsinga og þar með traust þeirra sem þurfa að byggja ákvarðanir sínar á þeim.
3. Stjórn félags ber ábyrgð á því að starfsemi þess fylgi settum lögum og reglum. Innra eftirlit sem kemur í veg fyrir eða gerir viðvart ef fyrirtækið er að fara á svig við ákvæði laga er þess vegna mikilvægur þáttur í stjórnun fyrirtækisins.

Innra eftirlit er hluti af daglegri starfsemi fyrirtækisins og því mætti ef til vill draga þá ályktun að framkvæmdastjóri beri einn þessa

ábyrgð. Það er þó skýrt í lögum að stjórn og framkvæmdastjóri bera sameiginlega þessa ábyrgð. Það má segja að stjórn beri ábyrgð á því að innra eftirlit sé til staðar og framkvæmdastjóri beri ábyrgð á því að innra eftirliti virki eins og til er ætlast. Það þýðir ekki að aðrir innan fyrirtækisins séu hlutlausir gagnvart innra eftirliti því aðrir innri stjórnendur og starfsmenn verða að finna til ábyrgðar á því sem þeim er falið í ferlinu.

Samkvæmt skilgreiningu COSO er innra eftirliti ætlað að takast á við ógnun sem getur komið í veg fyrir að fyrirtæki nái markmiðum sínum. En þar kemur líka fram að í áhættu felst ekki aðeins ógnun heldur líka tækifæri. Fyrirtæki sem vilja halda velli og vaxa verða að taka einhverja áhættu í starfsemi sinni og við áhættumat verða því stjórnendur að greina samhliða ógn og tækifæri sem í áhættu kunna að felast.

Flestir sem til þekkja telja að innra eftirlit sé mikilvægt hverju fyrirtæki án tillits til stærðar þess og viðfangsefna, en það er augljós hindrun í allri umfjöllun um innra eftirlit ef merking þess er óljós og hlutverk þess illa skilgreint.

Grein þessi er byggð á erindi sem flutt var á morgunverðarfundum Verslunarráðs Íslands og PricewaterhouseCoopers hf 8. desember 2004.

Til sölu á skrifstofu FLE

- Íðorðaskrá endurskoðenda. Útg. af orðanefnd FLE 1996. Verð kr. 2.280,-
- IASB International Financial Reporting Standards 2005. Heppilegast er að panta bókina beint að utan. Sjá nánar heimasíðu FLE.
- Handbook of International Auditing, Assurance and Ethics Pronouncement, 2005. Heppilegast er að panta bókina beint að utan. Sjá nánar heimasíðu FLE.



Könnun á skattlagningu

KPMG International Center gerði alþjóðlega könnun á skattlutfalli fyrirtækja í 88 löndum, þar af 30 aðildarríkjum OECD, 24 ríkjum Evrópusambandsins auk margra annarra landa í Asíu og Suður-Ameríku. Skrifstofur KPMG víða um heim lögðu til upplýsingar um skattlagningu á fyrirtæki í sínu landi. Hér á eftir verður greint frá helstu niðurstöðum könnunarinnar.

Niðurstöður:

Sú tilhneiging að lækka skattlutfall fyrirtækja heldur áfram

Þrátt fyrir að flestar þær þjóðir sem könnunin nær til breyti ekki skattlutfalli sínu á milli árána 2004 og 2005, lækkar skattlutfallið hjá um það bil einum fimmta þeirra. Af þessu sést að sú þróun að lækka skattlutfallið, sem hefur átt sér stað um allan heim, heldur áfram.

Lækkun skattlutfalls er mest í Evrópu

Lækkun skattlutfalls er mest áberandi í Evrópu. Austurríki og Rúmenía lækka skattlutfallið verulega, hvort um 9%, eftir lækkunina er skattlutfallið í Rúmeníu 16% og 25% í Austurríki. Skattlutfallið í Búlgaríu lækkaði um 4,5% og í Tékklandi, Hollandi og Sviss um 2-3%.

Meðalskattlagning á fyrirtæki lækkaði til muna í Evrópu. Í OECD ríkjunum lækkaði skattlutfallið í 26,49% árið 2005 úr 29,7% árið áður og í ríkjum Evrópusambandsins í 23,29% árið 2005 úr 25,75% árið áður.

Minniháttar breytingar hafa átt sér stað í löndum Suður-Ameríku og Asíu

Breytingar á skattlutfalli í löndum Suður-Ameríku og Asíu voru ekki eins áberandi og í Evrópu. Mesta lækkunin var í Úrúgvæ, þar sem skattar á fyrirtæki lækkuðu úr 35% árið 2004 í 30% árið 2005. Aðrar lækkanir sem eru athyglisverðar eru í Japan, um 1,36% og í Singapore um 2%.

Skattlutfall á fyrirtæki er aðeins hluti af heildarmyndinni

Þrátt fyrir að þessi könnun gefi áhugaverða mynd af alþjóðlegum skattlutföllum og varpi gagnlegu ljósi á skattbyrði fyrirtækja, er sérstaklega tekið fram að hafa verði í huga að lágt skattlutfall þýði ekki endilega lága skattbyrði. Það verði m.a. að líta til þess hvernig skatt-

stofnar eru ákveðnir, en með skattstofnum fæst réttari mynd af skattbyrðinni. Þar að auki kemur fram að líta þurfi til lagasetningarinnar í heild sinni og hafa í huga að lækki þjóð eina tegund skatta, svo sem skatta á fyrirtæki, hafi það oft í för með sér hækkun annarra skatta, þar sem ríkin verði að tryggja skatttekjur sínar.

Aðrir þættir sem þarf að hafa í huga við sam- anburð á skattbyrði milli landa eru óbeinir skattar, aðrir fjárhagslegir hvatar fyrir fjárfestingu innanlands og gæði og stöðugleiki laga hvers lands.

Þrátt fyrir að ekki liggi fyrir upplýsingar um skattstofna ríkjanna, varpar þessi könnun gagnlegu ljósi á skattbyrði fyrirtækja út um heim allan.

Hér gefur að líta hluta af niðurstöðum könnunarinnar:

Land	1. janúar 2004	1. janúar 2005	Breyting milli 2004 og 2005
Austurríki	34,00%	25,00%	-9,00%
Bandaríkin	40,00%	40,00%	-
Búlgaríu	19,50%	15,00%	-4,50%
Danmörk	30,00%	30,00%	-
Finnland	29,00%	26,00%	-3,00%
Frakkland	34,33%	33,83%	-0,50%
Holland	29,00%	27,00%	-2,00%
	34,50%	31,50%	-3,00%
Ísland	18,00%	18,00%	-
Japan	42,05%	40,69%	-1,36%
Kanada	36,10%	36,10%	-
Kína	33,00%	33,00%	-
Lúxemborg	30,38%	30,38%	-
Noregur	28,00%	28,00%	-
Rúmenía	25,00%	16,00%	-9,00%
Sviss	24,10%	21,30%	-2,80%
Svíþjóð	28,00%	28,00%	-
Tékkland	28,00%	26,00%	-2,00%
Úrúgvæ	35,00%	30,00%	-5,00%
Þýskaland	38,29%	38,31%	+0,02%

Könnunina í heild sinni er að finna á vef KPMG á Íslandi www.kpmg.is.

Tilkynning til félagsmanna FLE

Tilkynningar um fundi og ráðstefnur á vegum FLE eru eingöngu sendar út sem tölvupóstur. Félagsmenn FLE sem óska eftir að fá slíkara tilkynningar í almennum pósti þurfa að tilkynna skrifstofu félagsins þar um.



Endurskoðunardagur FLE

Endurskoðunardagur FLE árið 2005 var haldinn 15. apríl s.l. á Grand Hótel. Mjög góð þátttaka var af hálfu félagsmanna og þátttakendur voru alls 182. Formaður félagsins Sigurður B. Arnþórsson setti ráðstefnuna en síðan tók Sigrún Ragna Ólafsdóttir, endurskoðandi, við ráðstefnustjórninni.

Fyrstur á mælendaskrá var Jens Röder, endurskoðandi hjá PwC í Danmörku og núverandi formaður danska félagsins (FSR). Fjallaði hann um stöðu- og horfur varðandi setningu alþjóðlegra endurskoðunar- og reikningskilastaðla í ESB, Danmörku og Bretlandi og opinbert eftirlit með setningu þeirra og eftirlit með framfylgni. Einnig fór hann yfir væntanlegar breytingar og þróun á þeim á næstu árum og annað sem varðar stöðu og ábyrgð endurskoðenda samkvæmt 8. félagatilskipun ESB og áhrif hennar á löggjöf innan Evrópska efnahagssvæðisins. Benti hann m.a. á að helstu álitamál varðandi breytingarnar væru ákvæði um útskiptingu endurskoðenda eða endurskoðunarfyrirtækja á vissu árabili, óhæðisreglur varðandi takmörkun á ráðgjafabjónustu endurskoðenda samhliða endurskoðun og ótakmarkaða skaðabótaábyrgð endurskoðenda.

Elva Ósk Wiium, lögfræðingur hjá Fjármálaráðuneytinu fjallaði um áhrif breytinga á 8. félagatilskipunni á íslensk lög um endurskoðendur. Fór hún í sínum inngangi yfir sögulegan

aðdraganda að breytingum á tilskipuninni allt frá árinu 1984 og nauðsyn þess, m.a. vegna hneykslismála sem upp hafa komið, að gera heildarendurskoðun á 8. tilskipuninni. Um er að ræða viðamikla tilskipun sem hefur að geyma 13. kafla, en þar er að finna ýmis nýmæli og gerðar ríkari kröfur til endurskoðenda en nú er gert. Fór hún yfir helstu atriði tilskipunarinnar og benti m.a. á kröfur um innleiðingu á alþjóðlegum endurskoðunarstöðlum og fyrirsjáanlega þýðingu þeirra yfir á íslensku, sem þarf að vera lokið á árinu 2007 miðað við áætlað samþykki tilskipunarinnar hjá ESB fyrir lok þessa árs og tveggja ára innleiðingartíma á evrópska efnahagssvæðinu.

Fríðgeir Sigurðsson, lögfræðingur, fjallaði um störf og ábyrgð endurskoðenda. Kom hann inn á ábyrgð endurskoðenda, refsí- og skaðabótaábyrgð, hver er sérfræðiábyrgð endurskoðenda og ábyrgð varðandi mismunandi verkefni endurskoðenda. Einnig hvaða þýðingu áritanir endurskoðanda á reikningsskil hafa og hvernig ber að standa að skráningu og afskráningu endurskoðenda hjá félagsskrá. Fríðgeir gerir nánari grein fyrir yfirferð sinni í sérstakri grein annars staðar í fréttablaðinu.

Margret G. Flóvenz, endurskoðandi, fjallaði um endurskoðun lítilla fyrirtækja. Fjallaði hún m.a. um endurskoðunarskyldu í Danmörku, en þar hvílir hún á öllum félögum, og þá umræðu sem þar á sér stað um að aflétta endurskoðunarskyldu á minni félögum. Einnig kom hún inn á mörk endurskoðunarskyldu í ESB en þar er gert ráð fyrir undanþágu fyrir minnstu félögin. Ræddi hún einnig stöðu þessara mála hér á landi og vandmál varðandi endurskoðun lítilla fyrirtækja vegna skorts á innra eftirliti, hlutfallslega mikinn endurskoðunarkostnað þeirra o.fl. Í því sambandi ræddi hún þann möguleika að í stað endurskoðunarskyldu lítilla fyrirtækja hér á landi væru innleidd sérákvæði í lögum um að í slíkum fyrirtækjum kæmu ákvæði um könnun endurskoðenda á reikningsskilum í stað endurskoðunar.



Gunnar Sigurðsson endurskoðandi, Jens Röder formaður FSR og Sigrún Ragna Ólafsdóttir endurskoðandi og ráðstefnustjóri

Guðmundur Guðbjarnarson, forstöðumaður Ársreikningaskrár, fjallaði um Ársreikningaskrá og kynnti nýtt rafrænt skilakerfi ársreikninga til Ársreikningaskrár yfir netið. Ræddi hann einnig um skilaskyld félagaform, birtingaskyld gögn og aðrar upplýsingar, t.d. um dagsetningu aðalfundar og samþykkt ársreiknings, nöfn stjórnar og framkvæmdastjóra sem jafngilda undirritun ársreiknings, hver áritar endurskoðun ársreiknings og eigendur að eignarhluta sem er 10% eða hærri af skráðu hlutfé. Einnig fjallaði hann um yfirlýsingar til hlutafélagaskrár og umsókn til skattýfirvalda um slit á félagum.

Heimir Þorsteinsson, endurskoðandi, fór yfir helstu breytingar á alþjóðlegum endurskoðunarstöðlum á síðast liðnu ári. Um var að ræða framhald á fyrirlestri frá Endurskoðunardegi FLE árið 2004. Heimir gerir nánari grein fyrir yfirferð sinni í sérstakri grein annars staðar í fréttablaðinu.

Sumarlokun skrifstofu FLE

Skrifstofa FLE verður lokuð í júlí vegna sumarleyfa starfsmanna.



María Sólbergadóttir endurskoðandi og Sigurjón G. Geirsson endurskoðandi, ræða málin



Alþjóðlegir endurskoðunarstaðlar



Heimir Þorsteinsson endurskoðandi hjá Deloitte hf.

IFAC og IAASB

IFAC (International Federation of Accountants), eru alþjóðasamtök endurskoðenda. IFAC hefur í dag 163 aðildarfélög í 119 löndum en í þessum félögum eru yfir 2,5 milljónir endurskoðendur. FLE er eitt af þessum 163 aðildarfélögum IFAC. Markmið IFAC er meðal annars að þjóna hagsmunum almennings og styrkja endurskoðunarstéttina á alþjóðavísu. Eitt af markmiðum samtakanna í þessu sambandi er að gefa út hágæða faglega staðla sem aðildarfélög eiga að vinna eftir. Sérstök nefnd á vegum IFAC hefur þetta hlutverk, en það er IAASB (International Auditing and Assurance Standards Board). Á meðfylgjandi mynd sést skipurit IFAC til glöggvunar.

Heimild: www.ifac.org

Á heimasíðu IFAC er að finna upplýsingar um IAASB og er hér að neðan að finna markmið nefndarinnar:

„The IAASB’s goal is to serve the public interest by setting high quality auditing, assurance, quality control and related services standards and by facilitating the convergence of international and national standards, thereby enhancing the quality and uniformity of practice throughout the world and strengthening public confidence in the global auditing and assurance profession.”

Heimild: www.ifac.org

Í nefndinni sitja endurskoðendur, háskóla fólk, fulltrúar frá fyrirtækjum og opinberum aðilum og fundar hún að jafnaði á tveggja til þriggja mánaða fresti.

Uppbygging alþjóðlegra staðla

Stöðlunum er skipt upp í nokkra flokka til að greina á milli umfjöllunarefnis þeirra.

Um er að ræða sex flokka og eru þeir eftirfarandi:

ISQC (International Standards on Quality Control)

- Nr. 1–99
- Staðlar um gæðamál við endurskoðun og aðra vinnu sem endurskoðendur taka að sér

ISA (International Standards on Auditing)

- Nr. 100–999
- Staðlar um endurskoðun á reikningsskilum

IAPS (International Auditing Practice Statements)

- Nr. 1000–1100
- Ítarefni um endurskoðun á reikningsskilum

ISRE (International Standards on Review Engagements)

- Nr. 2000–2699
- Staðlar um könnun á reikningsskilum

ISAE (International Standards on Assurance Engagements)

- Nr. 3000–3699
- Staðlar um aðra staðfestingarvinnu en endurskoðun

ISRS (International Standards on Related Services)

- Nr. 4000–4699
- Staðlar um tengda þjónustu


Staðlaröðin sem fjallar um endurskoðun (ISA) er svo flokkuð með eftirfarandi hætti:

- 100–199 Introductory matters
- 200–299 General Principles and Responsibilities
- 300–499 Risk Assessment and response to Assessed Risks
- 500–599 Audit Evidence
- 600–699 Using Work of Others
- 700–799 Audit Conclusions and Reporting
- 800–899 Specialized Areas

Ekki er langt síðan þessi flokkun staðlanna tók gildi, en áður voru einungis flokkarnir ISA og IAPS í notkun. Við breytinguna fengu sumir staðlar nýtt nafn og númer til sámræmis við hina nýju flokkun.

Staðlar og ítarefni samþykkt á árinu 2004

Nokkuð mörg verkefni eru í gangi hjá nefndinni, sem stafar af því að staðlarnir eru í breytingarferli. Ástæða þess er meðal annars öll þau



hneykslismál sem upp hafa komið undanfarin ár í viðskiptaheiminum og þau vandamál sem slík mál skapa endurskoðunarstéttinni. Til að koma til móts við harðnandi kröfur til fagstéttarinnar hafa samtök endurskoðenda ákveðið að taka í taumana og herða þær reglur sem unnið er eftir, meðal annars til að koma í veg fyrir að yfirvöld taki slíka vinnu í sínar hendur líkt og gerst hefur í Bandaríkjunum. Það var talið heppilegra að geta haft áhrif á slíka vinnu frekar en að reglurnar séu settar á án þess að fagfólk í greininni hafi nokkuð um þær að segja.

Hér á eftir verður farið yfir þá staðla sem samþykktir hafa verið á árinu 2004 og einnig verður tilgreint stuttlega frá því hvað felst í stöðlunum:

ISA 220 Quality Control for Audits of Historical Financial Information (breyting)

- Staðallinn tekur gildi fyrir endurskoðun ársreikninga þar sem reikningsár hefst eftir 14. júní 2005. Hann fjallar um gæðaeftirlit í tengslum við einstök endurskoðunarverkefni en tók á fleiri þáttum áður. Ný staðlaröð ISQC tekur á öðrum þáttum.

ISQC 1 Quality Control for Firms That Perform Audits and Reviews of Historical Financial Information, and Other Assurance and Related Service Engagements

- Staðallinn tekur gildi 15. júní 2005. Hann fjallar um gæðaeftirlit með vinnubrögðum á endurskoðunarskrifstofum.

ISA 240 The Auditor's Responsibility to Consider Fraud in an Audit of Financial Statements (breyting)

- Staðallinn tekur gildi fyrir endurskoðun ársreikninga þar sem reikningsár hefst eftir 14. desember 2004. Tvenns konar sviksemi eru skilgreind í staðlinum, þ.e. svik vegna fjárdráttar eða þjófnaðar og svik vegna rangra fjárhagsupplýsinga. Endurskoðandi skal alltaf hugleiða hvort sviksemi geti verið til staðar í endurskoðunarferlinu sem leiðir til þess að meiri áhersla er á að sannreyna upplýsingar. Endurskoðandi skal beita fyrirsurnum til stjórnenda til að kanna hvort sviksemi hafi komið upp hjá félaginu og einnig meta þær

eftirlitsaðgerðir sem stjórnendur hafa innleitt til að uppgötva eða koma í veg fyrir sviksemi. Einnig skal í öllum tilfellum framkvæma endurskoðunaraðgerðir til að kanna möguleika á svikum í tengslum við tekjuskráningu. Endurskoðandi skal alltaf framkvæma sérstakar aðgerðir í tengslum við uppgjör og loka færslur. Ef endurskoðandi verður var við sviksemi skal hann upplýsa æðstu stjórnendur.

ISA 300 Planning an Audit of Financial Statements

- Staðallinn tekur gildi fyrir endurskoðun ársreikninga þar sem reikningsár hefst eftir 14. desember 2004. Verið að aðlaga staðalinn að Audit Risk stöðlum sem samþykktir voru á árinu 2003 og taka gildi á sama tíma.

ISA 700 The Independent Auditor's Report on a Complete Set of General Purpose Financial Statements

- Staðallinn tekur gildi fyrir áritanir á reikningsskil sem dagsettar eru eftir 30. desember 2006 og ekki má taka upp staðalinn fyrir. Þessi staðall fjallar einungis um fyrirvaralausar áritanir. Áritunin er mun ítarlegri en áður, fjallað er sérstaklega um ábyrgð endurskoðanda og stjórnenda í sjálfri árituninni ásamt því að ýmsar aðrar upplýsingar koma fram. Eftirfarandi staðlar voru aðlagðir samhliða (gildistaka fyrir endurskoðun ársreikninga þar sem reikningsár hefst eftir 15. desember 2005):
 - o ISA 200 Objective and General Principles Governing an Audit of Financial Statements
 - o ISA 210 Terms of Audit Engagements
 - o ISA 560 Subsequent Events
 - o ISA 701 Modifications to the Independent Auditor's Report
 - o ISA 800 The Independent Auditor's Report on Special Purpose Audit Engagements.

Eftirfarandi ítarefnisstaðlar voru felldir úr gildi á árinu

- IAPS 1001 IT Environments – Stand-Alone Computers
- IAPS 1002 IT Environments – On-Line Computer Systems
- IAPS 1003 IT Environments – Database Systems

- IAPS 1009 Computer-Assisted Audit Techniques
- Falla úr gildi frá og með 31. desember 2004
- Þessir staðlar ekki lengur taldir viðeigandi í ljósi þróunar í upplýsingatækni og passa ekki við þá staðla sem hafa verið samþykktir upp á síðkastið.

Enn sem komið er hafa engir staðlar verið samþykktir á árinu 2005, en IAASB hélt fund í mars þar sem samþykkt voru drög að stöðlum. Næsti fundur nefndarinnar verður haldinn um miðjan júní mánuð 2005.

Nýjir staðlar sem taka gildi nú á árinu 2005

Á árinu 2003 var samþykkt röð nýrra staðla sem gengu undir vinnuheitinu „Audit risk“ staðlar. Um er að ræða nýja staðla og breytingar á eldri stöðlum sem hafa í för með sér nokkuð viðamiklar breytingar á aðferðafræði við endurskoðun. Staðlarnir tóku gildi í lok árs 2004 sem þýðir að fara þarf eftir þeim við endurskoðun ársreikninga vegna ársins 2005 ef farið er eftir alþjóðlegum stöðlum á annað borð. Alþjóðlegu endurskoðunarstofurnar eru nú að leggja mikla vinnu í að breyta sinni aðferðafræði til samræmis við breytingar alþjóðlegu staðlanna og ljóst er að þær munu eyða allnokkru í menntunarmál nú á þessu ári í tengslum við innleiðingu á hinni nýju aðferðafræði. Eftirfarandi eru hinir nýju staðlar:

ISA 200 Objective and General Principles Governing an Audit of Financial Statements (breyting)

ISA 315 Understanding the Entity and its Environment and Assessing the Risk of Material Misstatements

ISA 330 The Auditor's Procedures in Response to Assessed Risks

ISA 500 Audit Evidence (breyting)

Eftirfarandi staðlar falla út við gildistöku:

ISA 310 Knowledge of the Business

ISA 400 Risk Assessment and Internal Control

ISA 401 Auditing in a Computer Information Systems Environment

IAPS 1008 Risk Assessments and Internal Control – CIS Characteristics and Considerations



Eftirfarandi eru nokkrir punktar um þær breytingar sem fylgja hinum nýju stöðlum:

- Meiri kröfur um þekkingaröflun endurskoðanda, hann þarf að ná fullum skilningi á öllum eftirfarandi sviðum:
 - Atvinnugrein, lagaumhverfi og aðra utanaðkomandi áhrifaþætti
 - Tegund fyrirtækisins og reikningsskilaaðferðir sem notaðar eru
 - Markmið félagsins, stefnu og rekstraráhættu
 - Þau kerfi sem notuð eru til að meta og hafa eftirlit með afkomumælingum
 - Innra eftirlitsumhverfi
- Einnig þarf hann á ná skilningi á innra eftirliti þ.m.t.:
 - Eftirlitsumhverfi almennt
 - Aðferðir fyrirtækisins við mat á áhættuþáttum
 - Upplýsingakerfið, þ.m.t. verklagsreglur í tengslum við gerð reikningsskila

- Eftirlitsþætti sem tengjast gerð reikningsskila
- Endurskoðanda ber alltaf að framkvæma athuganir á innri eftirlitsþáttum
- Staðlarnir gera meiri kröfur til að leita staðfestinga á mótteknum gögnum eða upplýsingum
- Dæmi um slík gögn er aldursgreindur viðskiptamannalisti, en endurskoðandi þarf með einhverjum hætti að sannreyna slík gögn, t.d. með yfirferð á innra eftirliti við gerð listans eða með því að beita úrtaksprófunum á upplýsingar úr listanum
- Staðlarnir gera mun meiri kröfur um utanaðkomandi vinnuskjöl og skráningu upplýsinga.

Hinir nýju staðlar munu leiða til þess að endurskoðunarvinnan mun verða kostnaðarsamari en áður, þar sem líklegt er að eyða þurfi meiri tíma í verkið og sömuleiðis munu dýrari starfskraftar eyða meiri tíma en áður í einstök verk. Þetta

mun svo leiða til þess að endurskoðun minni fyrirtækja verður erfiðari. Miklar umræður hafa skapast um þetta atriði í nágrennaldum okkar þar sem endurskoðunarskylda hvílir á öllum félögum og sem dæmi má nefna að Danir eru að velta upp þeirri hugmynd að afnema endurskoðunarskylduna á smærri fyrirtækjum og taka þess í stað upp könnun á ársreikningum þeirra.

Lokaorð

Ljóst er að mikið er að gera hjá IAASB þessa dagana því mörg verkefni eru í gangi. Ekki verður farið nánar ofan í þau að þessu sinni, en ljóst er að við verðum að fylgjast með því efni sem hún gefur frá sér til að tryggja að við hér á Íslandi beitum sömu aðferðum og tíðkast í löndunum í kringum okkur. Að lokum vil ég benda á að heimasíða IFAC (www.ifac.org) hefur að geyma gríðarlegt magn af áhugaverðum upplýsingum og efni sem getur nýst í starfi okkar.

Endurskoðendur – sérfróðir aðilar

Hugleiðing um stöðu endurskoðenda sem sérfróðra aðila samkvæmt hlutafélagalögum og einkahlutafélagalögum



Friðgeir
Sigurðsson
Lögfræðingur
Pricewaterhouse-
Coopers hf.

Um störf endurskoðenda

Á undanförunum árum hefur undirritaður notið þess að hafa starfað í miklu návígi við endurskoðendur. Í gegnum störf mín hef ég kynnst náið verkefnum endurskoðenda og fengið staðfestingu á því að þau eru um margt fjölbreytileg. Þannig sýnist mér þau spanna allt frá hefðbundinni endurskoðunarvinnu yfir í að vera almenn ráðgjöf við viðskiptavinum og jafnvel hefur mér á stundum fundist sem endurskoð-

endur séu í hálfgerðu sálgæsluhlutverki gagnvart viðskiptavinum sínum.

Við nánari skoðun þá áttar maður sig aftur á móti á því að flest störf endurskoðenda eru þess eðlis að þau hafa það hvoru tveggja að markmiði að vinna að hagsmunum viðskiptavina endurskoðandans en um leið að tryggja hagsmuni þriðja aðila og viðskiptalífsins í heild.

Endurskoðendur sem sérfróðir aðilar samkvæmt hlutafélagalögum

Eitt af þeim sviðum þar sem löggjafinn hefur beinlínis gert ráð fyrir aðkomu endurskoðenda er félagaréttarsviðið. Þannig er víða í lögum um hlutafélög nr. 2/1995 og einkahlutafélög nr. 138/1994 kveðið á um aðkomu endurskoðenda. Í sumum tilvikum er beinn áskilnaður um aðkomu endurskoðenda en í öðrum tilvikum er

talað um sérfróða aðila s.s. löggilta endurskoðendur eða aðra, t.d. lögmenn.

Á þessu sviði virðist sem það séu ekki síst hagsmunir þriðja aðila og viðskiptalífsins í heild sem endurskoðendum er ætlað að standa vörð um. En hver eru þessi störf?

Staðfesting á innborguðu hlutafélagi: Við stofnun hlutafélags og skráningu þess þarf að staðfesta innborgun á hlutafélagi sem greitt hefur verið til félagsins. Í tilviki hlutafélags þarf a.m.k. helmingur hlutafjárins að hafa verið greiddur svo skráning fái á félaginu og í tilviki einkahlutafélaga þarf allt hlutafélagið að hafa verið greitt. Í þeim tilvikum þar sem endurskoðendur hafa verið kosnir til starfa fyrir viðkomandi félag fellur það í þeirra skaut að staðfesta slíka innborgun. Hér standa endurskoðendur hins vegar oft frammi fyrir þeim vanda að félagið hefur ekki enn fengið kennitölu og því ekki hægt að stofna bankareikning í nafni félagsins til að

greiða hlutféð inn á. Endurskoðandinn verður hins vegar að ganga rækilega úr skugga um að nægjanlega tryggilega hafi verið gengið frá greiðslunni svo ljóst sé að hún renni sannanlega til félagsins.

Skýrslur sérfróðra aðila þegar greitt er með öðru en reiðufé: Þegar greitt er fyrir hlutfé með öðrum verðmætum en reiðufé þarf að útbúa skýrslu þar sem fjallað er um hvert endurgjaldið er og hvert verðmæti þess er. Í einkahlutafélögum er það hlutverk stofnenda eða stjórnar félagsins að útbúa þessa skýrslu en endurskoðendur eða aðrir sérfróðir aðilar eiga svo að staðfesta að skýrslan sé rétt. Í hlutfélögum eru það hins vegar endurskoðendur eða aðrir sérfróðir aðilar sem eiga að útbúa skýrsluna, sbr. 7. gr. laga nr. 2/1995.

Umsögn um skýrslu stjórnar varðandi fjárhag félagsins í tengslum við ákvörðun um hækkun eða lækkun hlutfjár: Þegar afstaða er tekin til fyrirbyggjandi tillögu um hlutfjárhækkun eða lækkun, þá á stjórn félagsins að leggja fram skýrslu þar sem hún gerir grein fyrir þeim atriðum sem verulegu máli skipta um fjárhagslega stöðu félagsins og breytingum sem hafa orðið frá framlagningu síðasta ársreiknings. Endurskoðendur eiga síðan að gefa umsögn um þessa skýrslu.

Yfirlýsing um fjárhagslega stöðu í tengslum við tillögu um hlutfjárækkun: Í þeim tilvikum er fyrir liggur tillaga um hlutfjárækkun og óskað er eftir undanþágu frá innköllunarskyldu þá er gerður áskilnaður um að fyrir liggi yfirlýsing stjórnar og endurskoðanda um að skuldir við lánardrottna félagsins séu því ekki til fyrirstöðu að hlutfjárækkun geti farið fram. Ljóst er að af hálfu ráðherra sem veitir þessa undanþágu er mikil vigt lögð á yfirlýsingu endurskoðandans.

Álit á samrunaáætlun og skiptingaráætlun: Þegar um er að ræða samruna hlutafélaga eða einkahlutafélaga skulu sérfróðir aðilar gefa skýrslu um samrunaáætlunina þar sem m.a. er fjallað um að hve miklu leyti endurgjaldið fyrir hlutina í yfirtekna félaginu sé sanngjarnt og efnislega rökstutt. Lýsa skal þeirri eða þeim aðferðum sem notaðar eru við ákvörðun endurgjaldsins og lagt mat á þessa aðferð/aðferðir. Þegar um er að ræða skiptingu hlutafélags er gert ráð fyrir sambærilegri skýrslugerð.

Álit á áhrifum fyrirhugaðs samruna á stöðu kröfuhafa: Þegar um er að ræða fyrirhugaðan samruna hlutafélaga eða einkahlutafélaga skulu endurskoðendur eða aðrir sérfróðir matsmenn gefa yfirlýsingu um að hve miklu leyti samruninn kunni að rýra möguleika lánardrottna á fullnustu í hinum einstöku félögum.

Um sérfræðiábyrgð

Í framangreindum störfum er ljóst að endurskoðendur koma fram sem sérfræðingar.

Á undanförunum árum hefur skaðabótaréttur þróast í þá átt að sakarmatið er strangt þegar kemur að ábyrgð sérfræðinga og störf þeirra eru vegin og metin á mjög faglegri mælistiku. Þetta á ekki síst við í störfum þar sem lögákvæðin er aðkoma tiltekinna sérfræðinga og ekki síst þegar um er að ræða mál sem varða hagsmuni þriðja aðila sem ekki á beina aðkomu að málinu. Framangreind störf endurskoðenda á félagaréttarsviðinu eru einmitt af þessum toga.

Hafa endurskoðendur vandað nægjanlega til verka í störfum sínum á félagaréttarsviðinu?

Í ljósi hinnar ríku ábyrgðar sem áætla má að hvíli á endurskoðendum vegna aðkomu endurskoðenda að þeim verkefnum á félagaréttarsviðinu sem nefnd hafa verið hér að framan er áhugavert að velta fyrir sér hvort endurskoðendur hafi í störfum sínum vandað svo til verka sem æskilegt er.

Eins og fram kom í upphafi þessa greinarkorns hefur undirritaður nú um nokkurra ára skeið fylgst með á þessu sviði. Þannig hef ég unnið með fjöldamörgum endurskoðendum, bæði innan þess fyrirtækis sem ég starfa hjá sem og öðrum endurskoðendum. Þá hefur undirritaður haft mikil samskipti við fyrirtækjaskrá ríkisskattstjóra sem og forvera hennar, auk þess að hafa starfað hjá Ríkisskattstjóra í nokkur ár. Í ljósi þessarar reynslu tel ég mig geta fullyrt að mál hafi færst nokkuð í rétta átt hvað vinnubrögð á þessu sviði viðkemur. Kemur þar bæði til að vitund endurskoðenda og samstarfsaðila þeirra um mikilvægi þess að kasta ekki til höndum hefur aukist og einnig hefur fleygt fram vinnubrögðum og virku aðhaldi af hálfu ýmissa opinberra aðila sem með þessi mál hafa að

gera, s.s. fyrirtækjaskrár. Hvoru tveggja er af hinu góða.

Þrátt fyrir þetta telur undirritaður að á þessu sviði séu tilvik þar sem endurskoðendur ættu sérstaklega að vera á varðbergi. Í dæmaskyni má nefna:

- Það er enn of algengt að ekki sé gengið nægjanlega eftir staðfestingum varðandi innborgað hlutfé við stofnun félags eða hækkun hlutfjár.
- Einnig er algengt að í einkahlutafélögum þar sem greitt er fyrir eignarhluti með öðru en reiðufé þá séu það endurskoðendurnir sem útbúi skýrsluna þar sem fjallað er um matið í stað þess að gefa álit sitt á skýrslu stofnenda/stjórnar.
- Skýrslur þar sem mat er lagt á þau verðmæti sem innt eru af hendi sem greiðsla fyrir hlutfé eru ekki alltaf nægjanlega vel úr garði gerðar. Þannig er mjög algengt að í raun komi ekkert fram á hverju matið er byggt.
- Ekki virðist alltaf nægjanlega vel gengið úr skugga um að fullkomin innistæða sé fyrir yfirlýsingum um að fyrirhugaður samruni félaga eða skipting eða lækkun hlutfjár muni ekki hafa neikvæð áhrif fyrir kröfuhafa félags.
- Þá verður vart séð að ætíð sé sú vinna lögð í greinargerðir sérfróðra aðila í tilefni af fyrirhuguðum samruna félaga sem lög áskilja.

Í lögum um endurskoðendur nr. 18/1997 segir að endurskoðendur skuli rækja störf sín af kostgæfni og samviskusemi og halda lög og reglur sem lúta að starfinu. Varðandi framangreind störf á sviði félagaréttar telur undirritaður að það sé ekki hvað síst undir endurskoðendum komið, sem eiga að vinna þessa vinnu og bera ábyrgð á henni, að gera auknar kröfur. Þannig eiga þeir að gera auknar kröfur til eigin vinnubragða sem og allra þeirra sem koma að vinnunni, hvort sem um er að ræða aðra sérfræðinga eða stjórnendur félaganna sjálfra. Öllum þessum aðilum ætti að vera ljóst að aðeins með vönduðum vinnubrögðum er hægt að tryggja að markmiðum hlutfélagalaganna verði náð, þ.e. að skapa jafnræði meðal hluthafa og tryggja hagsmuni hluthafa, lánardrottna og viðskiptalífsins í heild.



Nýjar eiginfjárreglur banka – Basel II



Einar Þ.
Harðarson
deildarstjóri
Útlánaeftirlit
Landsbanka
Íslands

Inngangur

Á undanförunum misserum hafa bankar unnið að undirbúningi upptöku nýrra eiginfjárreglna (e. International Convergence of Capital Measurement and Capital Standards). Reglur þessar eru gjarnan kallaðar Basel II, og koma frá Basel nefndinni um bankaeftirlit (e. The Basel Committee on Banking Supervision). Reglurnar koma í stað eldra regluverks sem í grunninn er frá árinu 1988. Helstu breytingar reglnanna eru vegna útreiknings eiginfjárbindingar útlána en einnig fjalla þær um rekstraráhættu (e. Operational Risk). Reglurnar renna frekari stoðum undir áhættustýringu og eftirlit með bönkum sem og í þeim er tekið á markaðsaðhaldi með bönkum. Hér verður eingöngu fjallað um útlánaáhættu í Basel II, og stiklað á stóru um helstu breytingar sem snerta fyrirtæki hér á landi við upptöku banka á regluverkinu.

Basel I og II

Hinar endurbættu eiginfjárreglur verða bankar að taka upp frá árslokum 2006 eða 2007 eftir því hvaða aðferð innan regluverksins bankar kjósa að fara, en í boði eru nokkrar aðferðir sem eru mismunandi flóknar. Núverandi Basel reglur innihalda einfalda staðlaða aðferð við útreikning á eiginfjárkröfu vegna útlána, á meðan hinar nýju reglur heimila m.a. notkun

innri áhættumatskerfa (e. Internal Rating Based Approach) við útreikning á eiginfjárkröfunni. Aðferðirnar við útreikning á eiginfjárkröfunni sem eru í boði eru mis flóknar, eins og áður sagði, og ekki er nauðsynlegt að bankar velji flóknari aðferðirnar við útreikninginn. Bankar geta haldið sig við sambærilega staðalaðferð (e. Standardized Approach) og nú er leyfð, kjósi þeir það. Ákveðnar tegundir trygginga eru heimilaðar sem frádráttur við útreikning eiginfjárbindingar í dag, en fleiri tegundir trygginga koma til með að vera leyfðar í hinni nýju staðalaðferð ásamt því að vægi trygginga mun breytast. Sem dæmi um útreikning samkvæmt núverandi reglum um eiginfjárlutfall þarf banki að binda 800.000 ISK af eigin fé til að viðhalda 8% lágmarks eiginfjárlutfalli vegna 10.000.000 ISK útláns (t.d. útlán tryggt með vörubirgðum). Eftir gildistöku Basel II mun bankinn aðeins þurfa að binda 600.000 ISK, ef mótaðili er lítið fyrirtæki (e. Small and Medium Sized Enterprise), ef um ákveðna tegund útláns er að ræða, ákveðin dreifni í útlánasafni er tryggt og ef samanlögð útlán til viðskiptavinarins eru innan 1.000.000 EUR.

Val banka um aðferð innan Basel II snýst einfaldlega um sem besta nýtingu eigin fjár. Breytilegt kann að vera milli banka hvaða aðferð gefur meiri möguleika á nýtingu eiginfjár, þ.e. ekki er sjálfgefið að öllum bönkum henti að fara í flóknari aðferðir regluverksins. Í dæminu hér að framan kemur fram að með tilkomu Basel II gæti bankinn bundið 200.000 ISK minna af eigin fé á móti útláninu ef hann kysir að velja staðalaðferðina að ákveðnum skilyrðum uppfylltum. Ef bankinn ákveður að velja flóknari aðferðir í Basel II, nota innri áhættumatskerfi við útreikning eiginfjárkröfunnar, gæti eiginfjárbindingin verið lægri (eða hærrí!). Það sem

ræður einna mestu um ákvörðun um hvaða leið bankar velja er byggt á gæðum gagna innanhúss sem notuð eru í áhættumatskerfið, ásamt því að bankar verða að eiga ákveðin gögn vegna útreikningsins aftur í tímann.

Innri áhættumatskerfi

Bankar geta, eins og áður hefur komið fram, notað innri áhættumatskerfi við útreikning eiginfjárkröfu útlána. Kerfið þarf að hljóta staðfestingu Fjármálaeftirlitsins. Innra áhættumatskerfi er í raun tæknilegra lánshæfismat, þ.e. lánshæfismat byggt á tölfræðilegum aðferðum sem inniheldur hlutlæga og huglæga þætti. Þeir bankar sem taka upp flóknari aðferðir í Basel II munu því þurfa að lánshæfismata viðskiptavinina sína í slíkum áhættumatskerfum. Lánshæfismatið gengur út á að meta hæfi viðskiptamanns til framtíðargreiðslu – með það fyrir augum að lágmarka útlánatap framtíðar. Lánshæfismatið spáir í raun fyrir um eina stærð; líkur á greiðslufalli (e. Probability of Default). Líkur á greiðslufalli segja til um líkurnar á því að viðskiptavinur lendi í greiðslufalli á næstu 12 eða 36 mánuðum. Greiðslufall er skilgreint í Basel II sem 90 daga vanskil, eða aðrar aðstæður sem telja má að leiði til þess að viðskiptavinur muni ekki standa við skuldbindingar sínar. Önnur mikilvæg stærð sem bankar munu leitast við að reikna er stærðin tap komi til greiðslufalls (e. Loss Given Default). Stærðin tap komi til greiðslufalls segir til um hve mikið raunverulegt tap bankans verður, komi til greiðslufalls viðskiptavinar. Í einfaldari aðferðum regluverksins er stærðin föst 45%, þ.e. 45% af skuldbindingum tapast ef viðskiptavinur kemst í greiðslufall. Báðar þessar stærðir, líkur á greiðslufalli og tap komi til greiðslufalls, skulu metnar út frá sögulegum gögnum hvers banka fyrir sig, byggt



á eigin reynslu bankans. Þegar bankinn hefur upphæð áætlaðs taps (e. Expected Loss). Þessir stuðlar eru svo notaðir ásamt fleiri þáttum, í jöfnu sem finna má í regluverkinu, til að reikna út áhættuvegnar eignir (e. Risk Weighted Assets), og þar með eiginfjárbindingu vegna útláns viðskiptavinarins.

Bankar hafa vissulega lánshæfsemi viðskiptavini sína áður en Basel II regluverkið tekur gildi. Basel II mun ekki umturna aðferðum fjármálastjóra við útlánaákvæðanir, en áhættumatskerfin koma til með að vera mun yfirgripsmeiri en þau kerfi sem áður hafa verið notuð hjá bönkum við lánshæfismat. Traust á lántaka og verkefnum mun að sjálfsögðu skipta miklu máli, sem og tryggingar sem boðnar eru fram í hverju einstöku tilvik.

Mikið af upplýsingum þarf til að gera áhættumatslíkan fyrir banka og munu fyrirtæki hér á landi verða vör við innleiðingu Basel II hjá íslenskum bönkum, þar sem meiri upplýsinga kann að verða krafist frá fyrirtækjum. Upplýsingarnar sem geta verið notaðar í tölfraðilegt áhættumatskerfi við útreikning á líkum á greiðslufalli, eru ýmis konar. Upplýsingar geta til að mynda verið lýðfræðilegar breytur (rekstrarform, stofndagur, atvinnugrein), breytur úr ársreikningum (greiðsluhæfi, arðsemi, lausafjárstaða, veltutölur, skuldir), opinberar vanskiluppplýsingar (skiptalok, gjaldþrot, árangurslaust fjárnám), huglægir þættir (stjórnendur, umhverfi, markaðsstaða, styrkleikar, veikleikar, ógnanir, tækifæri), sem og aðrir þættir eins og greiðsluhegðun viðskiptavinarins (vanskiluppplýsingar, nýting á heimild, hvenær ársreikningur berst bankanum) og önnur samskipti viðskiptavinar við bankann. Hér er ekki um að ræða tæmandi upptalningu upplýsinga sem nota má í innra áhættumatskerfi.

Áhrif Basel II á viðskiptamenn

Kjósir bankar að velja aðferðir innri áhættumatskerfa í Basel II má búast við að meiri munur verði gerður á milli „göðra“ og „slæmra“ viðskiptamanna í verðlagningu útlána og við útlánaákvæðanir, en ef bankar velja staðalaðferðina. Ef bankar velja að nota innri áhættumatskerfi er hugsanlegt að „betri“ viðskiptamenn hagnist af innleiðingu Basel II – þ.e. komi

til með að eiga auðveldara af afla sér lánsfjár, á betri kjörum. Hinsvegar kann „verri“ viðskiptamönnum að vera „refsað“ – þ.e. þeir gætu átt erfiðara með að afla sér lánsfjár og þá á verri kjörum. Ástæða þess er að útlán til viðskiptamanna með minni áhættu (þ.e. með minni líkur á greiðslufalli) krefjast minni eiginfjárbindingar en útlán til áhættumeiri viðskiptamanna.

90 daga vanskil

Í kjölfar Basel II koma 90 daga vanskil til með að vera mjög mikilvægur tímamarkur fyrir útlán, þar sem útreikningur á líkum á greiðslufalli mun í nær öllum tilfellum miðast við 90 daga vanskil. Á næstu misserum má því telja líklegt að íslenskir bankar herði innheimtuferla sína og taki því mun harðar á 90 daga vanskilum en áður. Því miður hafa 90 daga vanskil ekki þótt neitt stórmál hjá sumum viðskiptavinum bankanna, en því hugarfari þarf að breyta. Þar sem áhættumatskerfin munu byggja á sögulegum gögnum að stórum hluta skiptir 90 daga vanskilasaga viðskiptavina bankanna mjög miklu máli við val á aðferðafræði við útreikning eiginfjárkröfunnar.

Basel II mun skapa ákveðin tækifæri og auka

kröfur á stjórnendur fyrirtækja, fjármálastjóra, endurskoðendur o.fl.. Kröfurnar geta verið fólgnar í dýpri greiningu á rekstri fyrirtækja og stöðu þeirra. Sum fyrirtæki kjósa eflaust að fjölga endurskoðuðum milliuppgjörom sínum. Þar sem fjárhagslegar upplýsingar úr ársreikningum viðskiptavina skipta miklu máli í áhættumatskerfunum má gera ráð fyrir auknu álagi á endurskoðendur að ljúka uppgjörom fyrirtækja fyrir, þannig að viðskiptavinir geti gefið bönkunum ársreikninga sína fyrir en nú tíðkast. Hugsanlegt er að ef fyrirtæki skila ekki uppgjörom sínum til bankanna innan ákveðins tíma frá uppgjördagsetningu geti slíkt haft veruleg áhrif á lánshæfismat fyrirtækisins, eða jafnvel haft þau áhrif að fyrirgreiðsla verði ekki veitt, eða kölluð til baka.

Bankar hafa á undanförunum árum aukið áhættustýringu vegna útlána til muna og mun innleiðing á Basel II styrkja áhættustýringu banka enn frekar. Endurskoðendum er bent á frekari upplýsingar um Basel II, og áhrif reglnanna á fyrirtæki á vefslóðinni www.sme-basel2.com. Eins má finna tillögur Basel nefndarinnar um hinar nýju eiginfjárreglur á www.bis.org.

Fráteknar dagsetningar

- Hádegisverðarfundur, Grand Hótel miðvikudagur 7. september 2005 kl. 12
- Haustráðstefna FLE í Stokkhólmi 30. september – 1. október 2005
- Reikningsskiladagur FLE, Grand Hótel föstudagur 18. nóvember 2005.
- Aðalfundur FLE, Grand Hótel föstudagur 18. nóvember 2005.
- Hádegisverðarfundur, Grand Hótel miðvikudagur 7. desember 2005 kl. 12
- Hádegisverðarfundur, Grand Hótel miðvikudagur 4. janúar 2006 kl. 12
- Skattadagur FLE, Grand Hótel föstudagur 13. janúar 2006
- Hádegisverðarfundur, Grand Hótel miðvikudagur 1. febrúar 2006 kl. 12
- Hádegisverðarfundur, Grand Hótel miðvikudagur 1. mars 2006 kl. 12
- Hádegisverðarfundur, Grand Hótel miðvikudagur 5. apríl 2006 kl. 12
- Endurskoðunardagur FLE, Grand Hótel – Gullteigur, föstudagur 7. apríl 2006
- Hádegisverðarfundur, Grand Hótel miðvikudagur 3. maí 2006 kl. 12
- Hádegisverðarfundur, Grand Hótel miðvikudagur 7. júní 2006 kl. 12



Golfdagskrá FLE sumarið 2005

Dagskrá sumarsins fyrir golfiðkendur innan FLE verður svona:

- Mán. 23. maí The Vikings vs. the Piks. Keppni við skoska endurskoðendur í Skotlandi á vegum alþjóðadeildar FLE-GOLF.
- Fim. 2. júní kl 13:00 Golfvöllur Þorlákshafnar í boði Bakkusar ehf. Veitingar eftir mótið. Verðlaun fyrir efstu þrjú sætin. Punktakeppni með fullri forgjöf. Byrjendur og háforgjafarfólk sérstaklega hvatt til að mæta.
- Þri. 21. júní kl. 13:00 Hvaleyrarvöllur í boði Furu ehf. Veitingar eftir mótið. Punktakeppni m/forgjöf (hæsta leikforgjöf 28). Lengra komnir og láfgorgjafarfólk sérstaklega hvatt til að mæta
- Fim. 30. júní kl. 13:00 Holukeppni við lögmenn á Kiðjabergi
- Þri. 26. júlí kl. 13:00 Holukeppni við tannlækna á ótilgreindum velli. Nánar auglýst síðar.
- Fös. 9. sept. kl. 12:30 Meistaramót FLE Grafarholti. Höggleikur með forgjöf. Hámarksforgjöf verður 24 hjá körlum og 28 hjá konum. Uppskeruhátíð um kvöldið.

*Með golfkveðju,
Einvaldur.*